skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk

Icelandair Hotels
12 síðna blað um Icelandair hótelin fylgir með Fréttablaðinu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
25. september 2012
225. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Súrrealísk reynsla

Konráð Ragnarsson lék á móti Russell Crowe í nýju tónlistarmyndbandi.

fólk 30

Öflugri en nokkru sinni

iPhone hefur hlotið róttæka andlitslyftingu með sjöttu kynslóð símans.

tækni 22

Nýliðarnir í stuði

Nýliðar ÍR í N1-deild karla hófu tímabilið með góðum sigri í Mosfellsbæ.

sport 26

veðrið í dag



HÆGVIÐRI OG MILT Í dag má búast við hægum vindi, yfirleitt NV- og V-átt, 2-8 m/s. Yfirleitt nokkuð bjart og úrkomulítið en fremur skýjað allra austast. Hiti á bilinu 5-12°C í byggð, hlýjast syðst.

VEÐUR 4

Eldsneytisskattar hálfum milljarði undir áætlunum

Ríkið áætlar að tekjur af eldsneytissköttum verði um 430 milljónum lægri en áður var talið vegna minni sölu. Framkvæmdastjóri FÍB segir viðbúið að neytendur spari við sig hækki eldsneytisverð vegna skatta.

EFNAHAGSMÁL Tekjur ríkissjóðs vegna sérstaks vörugjalds á bensín og kolefnisgjalds verða um 430 milljónum krónum lægri í ár en til stóð í fjárlögum ársins. Ástæðan er minni sala á bensíni.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2013 kemur fram að í fjárlögum 2012 var gert ráð fyrir að 7.910 milljónir fengjust af sérstaka bensíngjaldinu. Í áætlunum sem byggja á bensínsölu á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs kemur hins vegar í ljós að salan hefur aðeins aukist um eitt prósent, í samanburði við 1,9 prósent sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Því hafa áætlaðar tekjur ríkissjóðs verið lækkaðar um 210 milljónir, niður í 7.700 milljónir. Af sömu ástæðu lækka áætlaðar tekjur af kolefnisgjaldi á fljótandi kolefnaeldsneyti. Er gert ráð fyrir að ríkissjóður fái 3.370 milljónir í stað 3.590 milljóna með þeim leiðum.

„Við höfum bent á að með tilraunum til að auka tekjur ríkisins með auknum álögum á eldsneyti sé hætta á því að menn séu að bíta í hælana á sjálfum sér, því að hærra verð komi til með að skila minni tekjum til ríkisins," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Hann bætir því við að fleira komi til í þessu efni, en hærra verð og álögur leiði til þess að fólk ferðist síður á bíl, og þá styttri vegalengdir, sem hafi áhrif á veltu í ferðamannaiðnaðinum í heild.

Runólfur segir fólk innan ferðaþjónustugeirans þegar hafa orðið þess vart að íslenskir ferðamenn leggi síður upp í langferðir á bíl.

Óhófleg bjartsýni um eldsneytissölu hefur áður sett strik í reikning ríkissjóðs. Í fyrra fékk ríkissjóður, samkvæmt ríkisreikningi, rúmum 400 milljónum króna minna fyrir sérstaka vörugjaldið af bensíni en til stóð og rúmum 200 milljónum minna í kolefnisgjald.

Í fjárlagafrumvarpinu sem nú er til meðferðar er reiknað með 0,5 prósenta söluaukningu á bensíni og 2,2 prósentum á olíu og 8.100 milljóna króna tekjum af sérstöku bensíngjaldi og 3.590 milljónum af kolefnisgjaldi. - þj

Álögur á lítrann

Sérstakt bensíngjald og kolefnisgjald eru krónutölugjöld þar sem ákveðin upphæð leggst á hvern seldan lítra. Sérstakt bensíngjald af blýlausu bensíni er 39,51 króna á lítrann og kolefnisgjald er fimm krónur. Þar fyrir utan er hefðbundið vörugjald á bensín 24,46 krónur og ofan á það allt kemur 25,5% virðisaukaskattur. Saman nemur það um 87 krónum á hvern seldan bensínlítra og er þá ótalinn virðisaukaskatturinn á eftirstöðvar lítraverðsins.

OFURHUGINN „Þetta var frábær dagur," sagði Schmid eftir að hafa flogið í fögru veðri frá Labrador með millilendingu á Grænlandi í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

22 ára Svisslendingur:

Yngstur umhverfis jörðina

FLUG „Ég get varla beðið eftir því að lenda á laugardaginn," segir Carlo Schmid, 22 ára flugkappi sem lenti á Reykjavíkurflugvelli í gærkvöld.

Hann á nú aðeins fjögurra daga flug eftir þangað til hann verður yngstur allra til að fljúga einn umhverfis jörðina á einshreyfilsflugvél. Hann lagði af stað frá Sviss þann 11. júlí og ætlar að ljúka ferðinni á sama stað á laugardaginn kemur, á 80. degi flugferðarinnar.

„Útsýnið hefur stundum verið stórkostlegt á leiðinni," segir Schmid, sem heldur för sinni áfram strax í dag. Hægt er að fylgjast með ferðum hans á myskymile.com.

Afrakstur söfnunarátakins rennur til UNICEF og skólastarfs á Indlandi. - gb

Innanríkisráðherra mælir fyrir lagabreytingu á kosningalögum í vikunni:

Fatlaðir fá að velja aðstoðarfólk

MANNRÉTTINDI Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mælir í vikunni fyrir lagabreytingu sem gerir fötluðum kleift að velja sér aðstoðarfólk við kosningar. Hann segir að grundvallarreglan verði sú að kjörstjórnir aðstoði þá sem ekki geta kosið, en ef fatlaður einstaklingur vilji sjálfur velja sér aðstoðarmann sé honum það heimilt.

„Gert er ráð fyrir að viðkomandi upplýsi kjörstjórnina um óskir sínar hvað þetta snertir einn og án viðveru nokkurs annars. Að því búnu fær aðstoðarmaður hans að koma með honum í kjörklefann."

Ögmundur segir að geti viðkomandi ekki tjáð sig sjálfur um ósk sína fái hann aðstoð umboðsmanns fatlaðra við að gefa út skriflega yfirlýsingu um vilja sinn.

„Það er einstaklingurinn sem hefur endanlegt val og þegar hann kemur ósk sinni á framfæri er hann einn og enginn með honum. Það er gert til að gæta að því að hann verði ekki fyrir neinum þrýstingi, en valið er algjörlega hans."

> Það er gert til að gæta að því að hann verði ekki fyrir neinum þrýstingi, en valið er algjörlega hans.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Ögmundur segir frumvarpið unnið í góðri sátt við Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) og Blindrafélagið. ÖBÍ kærði framkvæmd forsetakosninganna í sumar, þar sem fatlaðir fengu ekki að velja sér aðstoðarmann, en Hæstiréttur hafnaði kærunni.

„Ég vona að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu þingsins svo hægt sé að nýta lögin við kosningar um stjórnarskrá sem fram fara 20. október," segir Ögmundur. - kóp



SPURNING DAGSINS

Rafn, opnið þið ekki bráðum falldraugasetur í Safamýri?

„Við erum spennufíklar og nennum að minnsta kosti ekki neinu miðjumoði.“

Enn eitt árið er meistaraflokkur Fram í knattspyrnu í þeirri stöðu að eiga á hættu að falla úr efstu deild í lok Íslandsmótsins. Rafn Benedikt Rafnsson er formaður Fram FFR hf.

Erlingur Örn Arnarson frjáls eftir að hafa hlotið þungan dóm fyrir fíkniefnabrot í Litháen:

Náðaður eftir tveggja ára fangelsisvist af ellefu

DÓMSMÁL Forseti Íslands hefur, að tillögu náðunarnefndar innanríkisráðuneytisins, náðað Erling Örn Arnarson, sem í fyrrasumar var dæmdur í ellefu ára fangelsi í Litháen fyrir fíkniefnabrot. Erlingur losnaði úr fangelsi fimmtudaginn 13. september síðastliðinn.

Erlingur, sem nú er 43 ára, var handtekinn á heimili sínu í Vilníus 10. ágúst 2010. Í fórum hans fundust um 730 grömm af hassi, sjö grömm af kókaíni og tíu grömm af amfetamíni. Hann hafði þá hreina sakaskrá.

ERLINGUR ÖRN ARNARSON

Dómur féll ekki fyrr en tíu mánuðum síðar, í júní 2011. Hann hljóðaði upp á ellefu ára óskilorðsbundna fangelsisvist. Erlingur játaði fyrir dómi að hafa átt efnin en þvertók fyrir að hafa ætlað að selja þau. Dómarinn sagði að jafnvel þótt Erlingur hafi ekki ætlað að selja efnin hefði brotið verið stórfellt.

Dómurinn er í samræmi við fordæmi í öðrum fíkniefnamálum í Litháen, en hins vegar miklum mun þyngri en þeir sem tíðkast fyrir sambærileg brot sem framin eru hérlendis. Til samanburðar hlaut maður hálfs árs skilorðsbundið fangelsi hér á landi í fyrravetur fyrir að hafa haft tæpt kíló af hassi í fórum sínum.

Erlingur var fluttur í fangelsi á Íslandi í apríl síðastliðnum á grundvelli milliríkjasamnings um fangaflutninga. Fljótlega í kjölfarið sendi hann náðunarbeiðni til náðunarnefndarinnar. Erlingur tiltók þrjár röksemdir fyrir því að rétt væri að náða hann. Í fyrsta lagi andlegan heilsubrest eftir fangavistina, í öðru lagi hversu herfilegar aðstæður hann hefði þurft að búa við í fangelsinu ytra, og í þriðja lagi hversu óhemjuþungur dómurinn var.

Ekki liggur fyrir hvaða forsendur nefndin tók til greina, en beiðnin var samþykkt. - sh

iPhone 5 kominn til landsins:

Seldu öll tækin á fyrsta degi

TÆKNI „Símarnir sem við fengum kláruðust en við eigum von á annarri sendingu innan skamms,“ segir Margrét Björk Tryggvadóttir, yfirmaður markaðssviðs Nova.

Stríður straumur var í verslun Nova í gær þegar fyrsta sendingin af iPhone 5-símanum kom til landsins. Að sögn Margrétar Bjarkar komu um 300 til 400 manns í verslunina, bæði til að kaupa og skoða.

„Það eru 300 manns sem þegar hafa forpantað símann hjá okkur. Við höfum ekki náð að afgreiða alla en eigum von á stórri sendingu í vikunni,“ segir Margrét Björk. - kh / sjá síðu 22

Vill í forystu í Reykjavík:

Gefur kost á sér í fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti á lista flokksins í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæmi. Sameiginlegt prófkjör verður haldið fyrir bæði Reykjavíkurkjördæmin og síðan skipað niður á lista hvors kjördæmis fyrir sig.

SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

Spurð um frekari frama innan flokksins, jafnvel formennsku láti Jóhanna Sigurðardóttir af embættinu, segir hún: „Allt hefur sinn tíma, nú er það framboðið í Reykjavík sem ég einbeiti mér að.“

Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson leiddu listana í Reykjavík í síðustu kosningum. - kóp

Lýður og Bjarnfreður ákærðir í Existamáli

Lýður Guðmundsson og Bjarnfreður Ólafsson hafa verið ákærðir vegna hlutafjáraukningar í Existu. Aukningin var fjármögnuð af Lýsingu og tryggði yfirráð Bakkavararbræðra yfir Existu. Allt að tveggja ára fangelsi liggur við brotinu.

SAKAMÁL Lýður Guðmundsson, fyrrum aðaleigandi Existu, og Bjarnfreður Ólafsson, einn eigenda Logos, hafa verið ákærðir fyrir að hafa brotið gegn lögum um hlutafélögum. Mönnunum tveimur er gefið að sök að hafa vísvitandi brotið lög við tilkynningu um hlutafjáraukningu í Existu í desember 2008 og að það hafi verið gert til að tryggja yfirráð Lýðs, og bróður hans Ágústs Guðmundssonar, yfir félaginu.

BJARNFREÐUR ÓLAFSSON

Félag í eigu bræðranna, BBR ehf., greiddi þá einungis einn milljarð króna fyrir 50 milljarða aukningu, eða 0,02 krónur á hlut. Samkvæmt lögum má greiðsla fyrir hlut ekki nema minna en nafnvirði hans og því hefði átt að greiða 50 milljarða króna fyrir hana.

Samkvæmt ákærunni var, með þessum aðgerðum, farið „þvert gegn ráðleggingum sérfræðinga og brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga um greiðslu hlutafjár. Hlutur annarra hlutahafa í félaginu var þynntur út og þannig tryggði ákærði Lýður sér og bróður sínum Ágústi yfirráð fyrir félagasamstæðu Exista hf.“.

Brotin geta varðað fangelsi allt að tveimur árum. Til viðbótar er farið fram á að Bjarnfreður verði sviptur lögmannsréttindum.

Í ákærunni kemur fram að 3. desember 2008 hafi Bakkabraedur Holding B.V. átt rúmlega 45 prósent hlut í Existu, en Lýður og Ágúst voru eigendur þess félags. Nýja Kaupþing, síðar Arion banki, átti með í hlutnum og hafði gefið bræðrunum fimm daga til að endurgreiða lán til bankans ella myndi hann leysa hlutinn til sín.

BRÆÐUR Yfirráð Lýðs og Ágústs Guðmundssona yfir Existu voru tryggð með hlutafjáraukningunni. Félag þeirra fékk lán frá Lýsingu til að borga 0,02 krónur á hlut í henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í kjölfarið var hlutaféð aukið um 50 milljarða króna og BBR ehf., annað félag bræðranna, skráði sig fyrir öllum nýju hlutunum. Fyrir það greiddu þeir einn milljarð króna sem, samkvæmt ákærunni, „stafaði frá Lýsingu hf., dótturfélagi Exista hf.[...] féð var greitt inn á vörslureikning hjá lögfræðistofunni Logos“.

Við þetta þynntist hluturinn sem Arion banki átti með í úr rúmlega 45 í 10,4 prósent hlut. Í kjölfarið leysti BBR til sín þorra útistandandi eignarhluta á grundvelli yfirtökuskyldu. Þann 8. desember 2008 tilkynnti Bjarnfreður hlutafjáraukninguna til fyrirtækjaskráar.

Fyrirtækjaskrá úrskurðaði hlutafjáraukninguna ólögmæta þann 29. júní 2009, um sjö mánuðum eftir að hún var framkvæmd. Hún hafði hafið skoðun á tilkynningu um aukninguna í kjölfar ábendingar um málið. Arion banki kærði forsvarsmenn Existu og þá starfsmenn Logos og Deloitte, sem höfðu gert sérfræðingaskýrslu fyrir skráninguna og vottað hana, til sérstaks saksóknara vegna málsins í lok september 2009.

Embættið framkvæmdi húsleitir á tólf stöðum vegna rannsóknar á fimm málum sem tengjast Existu í janúar 2010. Á meðal þess sem embættið var að rannsaka var hin meinta ólögmæta hlutafjáraukning frá því í desember 2008.

NÝIR VERNDARAR Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir eru nýir verndarar UN Women. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Athöfn við þvottalaugarnar:

Nýir verndarar UN Women

MANNÚÐARMÁL Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðingur og Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona verða verndarar samtakanna UN Women næstu tvö árin.

Samtökin skýrðu frá þessu við hátíðlega athöfn við þvottalaugarnar í Reykjavík í gær í tilefni af appelsínugula deginum, sem haldinn er í dag.

Verndarar samtakanna á Íslandi hafa það hlutverk að auka sýnileika samtakanna, vekja almenning til vitundar og stuðla að viðhorfsbreytingu hvað málefni kvenna í fátækustu löndum heims varðar.

Þær Sigríður Dúna og Unnur Ösp hafa báðar verið ötular málskonur fyrir bættum hag kvenna. - gb

STJÓRNMÁL

Siv hættir á Alþingi

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur tilkynnt að hún gefi ekki kost á sér til áframhaldandi setu á Alþingi. Siv hefur setið á þingi fyrir flokkinn síðan 1995 og leiddi lista Framsóknar í Suðvesturkjördæmi við síðustu kosningar. Siv var umhverfisráðherra 1999 til 2004 og heilbrigðisráðherra 2006 til 2007.

PILATES

Markmið Pilates er að lengja og styrkja líkamann með kerfisbundnum æfingum. Hver æfing er hvetjandi, virkjar kviðvöðvana og heldur iðkendum við efnið.

Kolbrún þjálfari segir fólk koma afslappað út úr tímunum en jafnframt fullt af orku.

NÝTT Í HEILSUBORG!

- Hefst 10. október
- 4 vikur
- Kennari er Kolbrún Jónsdóttir
- Þri og fim kl. 18:30-19:30
- Verð kr. 12.900

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Tveir lífeyrissjóðir íhuga að höfða mál gegn slitastjórn Glitnis:

850 milljónir til Steinunnar og Páls

VIÐSKIPTI Lögfræðingarnir Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson fengu tæplega 200 milljónir króna frá þrotabúi Glitnis í fyrra vegna vinnu sinnar fyrir slitastjórn bankans. Samanlagðar greiðslur til þeirra beggja, með útseldri vinnu fulltrúa á þeirra vegum, hafa numið meira en 850 milljónum króna frá árinu 2009. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Þá hafa Árni Tómasson, sem var formaður skilanefndar Glitnis þangað til hún var aflögð um síðustu áramót, og Heimir Haraldsson, sem sæti átti í skilanefndinni, fengið samtals greiddar tæplega 252 milljónir króna frá þrotabúi Glitnis vegna starfa sinna fyrir skilanefndina.

Lífeyrissjóðirnir Gildi og Lífeyrissjóður verzlunarmanna fengu um helgina í hendur sundurliðaðan kostnað þrotabús Glitnis vegna starfa Páls og Steinunnar fyrir þrotabúið. Sjóðirnir höfðu áður hótað því að fara með málið fyrir dómstóla, þar sem slitastjórnin hafði neitað að láta af hendi upplýsingar um launakostnaðinn.

LÖGFRÆÐINGARNIR Steinunn og Páll fengu um 180 milljónir fyrir vinnu sína fyrir slitastjórnina í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Greiðslur til lögmannsstofu Páls Eiríkssonar, Lögfræðiráðgjafar PE slf., hafa frá árinu 2009 numið ríflega 240 milljónum króna. Þar af námu greiðslur vegna ársins í fyrra ríflega 82 milljónum króna.

Þessu til viðbótar hafa heildargreiðslur þrotabúsins til lögmannsstofa þeirra Páls og Steinunnar numið tæplega 300 milljónum króna frá árinu 2009. Samtals gerir þetta ríflega 850 milljónir króna, eða sem nemur ríflega 20 milljónum króna á mánuði.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 eru stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum afar ósáttir við hversu háar greiðslur hafa runnið til slitastjórnarmanna og íhuga nú að leita réttar síns fyrir dómstólum með það fyrir augum að lækka kostnað við slitin á þrotabúinu.

Frá árinu 2009 og fram á þetta ár hafa tæplega 313 milljónir króna runnið til lögmannsstofu Steinunnar, Lögmannsstofu SG ehf. Þar af námu greiðslur í fyrra 100,5 milljónum króna. - mh

Slátur-markaður Nóatúns

Ódýr heimilismatur!

25 skammtar úr einu slátri

Þegar þú tekur slátur ertu að fá mikinn mat fyrir lítinn pening
auk þess sem sláturgerð er mikil skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Sláturmarkaðurinn í Nóatúni er opinn
þriðjudaga - laugardaga eða meðan birgðir endast.



Þú færð allt hráefni og öll áhöld til sláturgerðar í Nóatúni.
Lærðu að taka slátur á www.noatun.is í sérstöku myndbandi
eða fáðu kennslubækling gefins í næstu Nóatúns verslun.

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

EXPO • www.expo.is

GENGIÐ 24.09.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,76	124,36
Sterlingspund	200,64	201,62
Evra	159,71	160,61
Dönsk króna	21,416	21,542
Norsk króna	21,462	21,588
Sænsk króna	18,773	18,883
Japanskt jen	1,585	1,5942
SDR	190,62	191,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,3986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þung stemmning á fyrsta degi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna:

Brahimi heldur í veika von

BANDARÍKIN, AP Mahmoud Ahmadinejad, forsætisráðherra Írans, notaði tækifærið til að skjóta á Bandaríkin og Ísrael þegar hann steig í ræðustól á fyrsta degi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í gær.

Hann sagði Bandaríkin meðal annars misnota tjáningarfrelsið, halda hlífiskildi yfir kjarnorkuvæddu „gerviríki“ og misnota ásamt Rússlandi og Kína neitunarvald sitt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til að mismuna ríkjum.

Stemningin á þinginu var þung fyrsta daginn, enda ýmis erfið mál að flækjast fyrir ríkjaleiðtogunum.

Athyglin beindist meðal annars að átökunum í Sýrlandi. Lakhdar Brahimi, friðarerindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins, mætti í fyrsta sinn í gær á fund hjá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og sagði ástandið í Sýrlandi vera „skelfilega vont og versnandi“.

Hann vildi þó ekki gefa upp alla von, heldur sagði að „nú þegar ég hef fengið aðeins betri upplýsingar um það sem er að gerast í landinu og í heimshlutanum, þá tel ég að við getum fundið glufu í náinni framtíð“. - gb

MAHMOUD AHMADINEJAD Forsætisráðherra Írans kokhraustur að venju á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Eitthvað er rotið í Danaveldi:

250.000 Danir búa við fátækt

DANMÖRK Aukin tíðni fátæktar í Danmörku eykur hættuna á félagslegri upplausn. Þetta segir verkefnisstjóri hjá verkalýðshreyfingunni þar í landi.

Samkvæmt nýrri úttekt, sem Berlingske Tidende segir frá, eru um 250.000 Danir fyrir neðan fátæktarmörk OECD. Miðað er við þá sem hafa innan við helming meðallauna til að framfleyta sér. Í Danmörku eru mörkin því rétt undir 9.000 dönskum krónum fyrir einstæðinga. Það jafngildir um 190.000 íslenskum krónum. - þj

Biðst afsökunar á ummælum:

Ráðherra sýndi lögreglunni lítilsvirðingu

BRETLAND, AP „Ég sýndi lögreglunni ekki þá virðingu sem ég hefði átt að gera,“ sagði Andrew Mitchell, ráðherra í bresku ríkisstjórninni.

EDWARD MITCHELL

Hann kallaði nokkra lögregluþjóna „plebba“ þegar þeir báðu hann að stíga af reiðhjóli sínu og ganga út um hliðin að Downing-stræti þar sem bústaður forsætisráðherra Bretlands er.

Fjölmiðlar fréttu þetta frá lögreglunni og gagnrýndu Mitchell fyrir að hafa sýnt þarna af sér mikinn yfirstéttarhroka.

Mitchell sagðist hafa misst stjórn á sér eftir afar erfiðan dag, og baðst afsökunar á því, en tók þó fram að hann hefði ekki notað þau orð sem fullyrt væri í fjölmiðlum. - gb

ÁRÉTTING

Stjarna allra uppsveitanna

Áréttað skal að fyrirhuguð keppni um Uppsveitastjörnuna er fyrir alla í uppsveitum Árnessýslu en ekki aðeins íbúa Grímsnes- og Grafningshrepps eins og skilja mátti af frétt um málið. Það er Upplit, menningarklasi uppsveita Árnessýslu, sem stendur fyrir keppninni.

LEIÐRÉTTING

Svanhildur Jakobsdóttir var rangfeðruð í dómi um tónleika Nýdanskrar í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Fólk í greiðsluaðlögun gæti hrakist úr námi

Óvíst er að fólk sem stundar lánshæft nám en er í greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara fái áfram fyrirgreiðslu í formi framfærsluláns í banka sínum. Fjármagna þarf bilið fram að námsláni með öðrum hætti eða hætta í náminu.

SKULDAMÁL Dæmi eru um að námsmenn í greiðsluaðlögun Umboðsmanns skuldara fái ekki fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum til að brúa bil sem myndast fram að útgreiðslu námslána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN).

GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR

Einstæð móðir fjögurra barna sem stundar nám við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands kveðst óttast að hrekjast frá námi eftir að hafa fengið neitun um fyrirgreiðslu hjá Íslandsbanka. Konan, sem ekki vill láta nafns síns getið, sótti um og fékk samþykkta greiðsluaðlögun í sumar. Enginn hafi hins vegar varað hana við því að ferlið gæti haft þessi áhrif á möguleika hennar til að stunda nám.

Í desember 2010 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um greiðsluaðlögun til að tryggja að námsmenn gætu áfram fengið framfærslulán frá lánastofnunum vegna væntanlegs láns frá LÍN. Fyrir þá breytingu var alveg lokað á að fólk í greiðsluaðlögun gæti tekið á sig frekari lánaskuldbindingar.

Fari svo að áðurnefnd kona hrekist frá námi segir hún fátt annað í stöðunni en að leita félagslegra úrræða hjá sveitarfélagi sínu, enda hafi hún sem námsmaður ekki áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta. Ávinning samfélagsins af slíkum málalokum fyrir fólk í hennar stöðu segir hún vandséðan.

HÁSKÓLATORG HÍ Embætti umboðsmanns skuldara hefur ekki yfirsýn yfir hversu mörgum námsmönnum hafi verið synjað um framfærslulán fram að námsláni vegna þess að vera í greiðsluaðlögun. Þeir sem vitað sé um snúi að Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við höfum heyrt af einstökum tilvikum þar sem fólk talar um þetta, en vitum svo sem ekkert hvernig þau hafa endað.
>
> **GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍN

Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, segir sjóðinn ekki vita hversu margir kunni að vera í sömu stöðu. „Við höfum heyrt af einstökum tilvikum þar sem fólk talar um þetta, en vitum svo sem ekkert hvernig þau hafa endað,“ segir hún, enda sé þar um að ræða mál viðkomandi og viðskiptabanka þeirra. Fyrir árið 1992 var sjóðurinn með svokallað samtímagreiðslukerfi, en núverandi fyrirkomulag, þar sem bankar brúa bilið til útgreiðslu námslána með framfærslulánum sínum, var hluti af aðhaldsaðgerðum þess tíma, að sögn Guðrúnar. Ef taka ætti upp samtímagreiðslukerfi nú myndi það kosta fimm til sex milljarða króna.

Í svari Íslandsbanka segir að umsóknir um framfærslulán séu metnar sérstaklega hverju sinni. „Þó viðkomandi aðili sé í greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara þá er það ekki algild regla að honum sé synjað um lán hjá bankanum. Hvert tilvik fyrir sig er skoðað og metið og ákvarðanir teknar út frá þeirri skoðun hverju sinni,“ segir þar. olikr@frettabladid.is

Óánægja í Bláskógabyggð:

Vilja hafa lækni við Laugarvatn

HEILBRIGÐISMÁL Undirskriftarlistar frá 140 íbúum í Laugardal um að tryggja óbreytta læknisþjónustu á Laugarvatni voru lagðir fram á síðasta fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

Sveitarstjórnin benti á að það séu stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem ákveði fyrirkomulag læknisþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu og þar með hvort læknaselið á Laugarvatni verði lokað eða opið. Bláskógabyggð hafi boðið gjaldfrjálsa aðstöðu fyrir læknaselið og taki undir sjónarmið íbúanna á undirskriftalistanum.

„Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hvetur stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að endurskoða ákvörðun sína um lokun læknaselsins á Laugarvatni.“ - gar

Bráðalungnabólga enn á kreik:

Einn látinn og annar í hættu

BRETLAND, AP Heilbrigðisstarfsfólk víða um heim fylgist nú grannt með nýrri veiru, sem leggst á öndunarfæri og hefur þegar lagt einn mann að velli í Sádi-Arabíu. Annar er þungt haldinn í Bretlandi.

Veiran er náskyld þeirri veiru sem orsakar heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL), en árið 2003 braust út faraldur af hennar völdum sem kostaði um 800 manns lífið, einkum í Asíuríkjum.

Það voru breskir embættismenn sem tilkynntu Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni um mann, sem fluttur var alvarlega veikur frá Katar til Bretlands þar sem hann nýtur nú læknisþjónustu. - gb

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

FÍNT Í DAG Horfur á fínasta haustveðri í dag en í nótt fer að rigna, fyrst N-til. Á morgun verður víða rigning með köflum, síst SA-til. Hvessir NV-til síðdegis og á fimmtudaginn má búast við strekkingi við V-ströndina og töluverðri rigningu, einkum sunnanlands.



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	23°
Berlín	21°
Billund	15°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	27°
London	16°
Mallorca	27°
New York	21°
Orlando	30°
Ósló	8°
París	17°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

HEFURÐU PLÁSS FYRIR MILLJÓNIR?

60 MILLJÓNIR Á EINN MIÐA

DRÖGUM **Í DAG** 25. SEPTEMBER

Áttu miða í **Milljónaveltunni**?

ÞÚ GETUR ENN VERIÐ MEÐ!

Fáðu þér miða fyrir kl. **16.00**

+5x 1 milljón

Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

PIPAR\TBWA • SÍA • 122714

KJÖRKASSINN



Langar þig í iPhone 5?

Já	27%
Nei	73%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Drekkur þú gosdrykki daglega?

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Áhugamenn um bryggjuveiði benda á staði fyrir aðstöðu við Reykjavíkurhöfn:

Ný tækni eykur áhuga veiðimanna

VEIÐI Tveir áhugamenn um bryggjuveiði hafa sent stjórn Faxaflóahafna tillögur um það hvernig bæta megi aðstöðu til slíkra veiða í gömlu höfninni í Reykjavík.

„Segja má að nokkur hópur veiðimanna stundi þessar veiðar reglulega og þá í seinni tíð aðallega á Skarfagarði," segir í bréfi Helga Laxdal og Hermanns Bridde. Benda þeir á að nú þegar láni Faxaflóahafnir björgunarvesti fyrir dorgveiðimenn á verbúðarbryggjum í Vesturhöfninni.

„Talsverð þróun hefur verið í þessum veiðum gegnum tíðina. Innflytjendur hafa flutt með sér aðra tækni við strandveiði í sjó sem gerir þeim kleift að koma agni umtalsvert lengra frá fjöru en áður tíðkaðist auk þess sem breytingar á fiskgengd, til dæmis makríls, hefur haft umtalsverð áhrif á áhuga fólks fyrir bryggjuveiði," segja þeir félagar.

Helgi og Hermann segja að til þess að stuðla að aukinni bryggjuveiði þurfi að skapa aðstöðu þar sem ekki sé mikil umferð skipa eða bíla, aðgengi sé gott og möguleiki á útvegun björgunarvesta. Faxagarður, Grófarbakki og Verbúðarbryggjur komi helst til greina.

„Kostnaður við þessar endurbætur ætti ekki að þurfa að vera mikill en gæti orðið til þess að fleiri nýttu tækifærið til að freista gæfunnar við bryggjuveiði," segja þeir.

Þess má geta að hafnarstjórnin hafði áður samþykkt að kannað yrði hvernig bæta megi aðstöðu dorgveiðimanna og fól hafnarstjóra að skoða þau mál áfram. - gar

VEITT Í REYKJAVÍKURHÖFN Ágætlega aflast hjá bryggjuveiðimönnum í Reykjavíkurhöfn að sögn þeirra sem til þekkja. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ÞINGVELLIR Takmarkanir eru á vöruflutningum í gegnum þjóðgarðinn.

Takmarkanir á Þingvöllum:

Stríða gegn aðalskipulagi

SAMGÖNGUR Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur Þingvallanefnd hafa gengið of langt í einhliða ákvörðun um takmarkanir á þungaflutningum um vegi sem liggja um þjóðgarðinn.

„Þær takmarkanir sem hér um ræðir ganga mun lengra en aðalskipulag svæðisins gefur tilefni til og ekkert samráð hefur verið haft við sveitarstjórn Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að kalla eftir fundi með þjóðgarðsverði og Þingvallanefnd til að ræða þessi mál. Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt og að hugað verði einnig að hagsmunum bænda, landeigenda og frístundahúsaeigenda," segir sveitarstjórnin. - gar

AKUREYRI

Fatlaðir í alla strætisvagna

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra hefur beint því til framkvæmdaráðs Akureyrar að allir vagnar Strætisvagna Akureyrar verði útbúnir þannig að þeir verði aðgengilegir öllum. Framkvæmdaráðið fól bæjartæknifræðingi að vinna áfram að málinu.

HORNAFJÖRÐUR

Skipulag Jökulsárlóns gallað

Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur dregið til baka auglýst deiliskipulag fyrir Jökulsárlón. Skipulagsstofnun benti á að deiliskipulagið væri ekki í samræmi við aðalskipulag.

Þrír stærstu barnahóparnir í hruninu

Þrír af fimm fjölmennustu árgöngum Íslandssögunnar fæddust árin 2008, 2009 og 2010. Lýðfræðingur telur að varlega skuli farið í að tengja kreppuástand við þróunina. Stórir árgangar munu setja þrýsting á sveitarfélögin um meiri þjónustu.

SAMFÉLAGSMÁL Þrír af fimm fjölmennustu árgöngum Íslandssögunnar fæddust árin 2008, 2009 og 2010. Aðeins árið 2009 hafa fæðst fleiri en 5.000 börn á Íslandi, tæplega þúsund fleiri en árið 2001.

Stefán Hrafn Jónsson, félags- og lýðfræðingur hjá Háskóla Íslands og Embætti landlæknis, segir erfitt að sjá stór kreppuáhrif á stærð fæðingarárganga. Helstu orsakir þess að nú eru að fæðast mörg börn á Íslandi sé einfaldlega að finna í auknum fólksfjölda.

„Börn sem fæddust árið 2008 eru flest fædd fyrir hrun. Öll börn sem fæddust 2008 og hluti þeirra sem fæddust árið 2009 eru getin fyrir hrun. Þannig að sú aukning verður varla rakin til hrunsins sem kom flestum á óvart, líklega einnig þessum foreldrum," segir Stefán.

Einn algengasti mælikvarði á frjósemi er „lifandi fædd börn á ævi hverrar konu" (TFR). Þar sjást hærri tölur á Íslandi en í flestum öðrum Evrópuþjóðum. Þegar TFR er skoðað sést að fæðingartíðni lækkar lítillega eftir 2009. „Mér persónulega finnst það athyglisvert. Það er einnig athyglisvert að TFR hefur hækkað ár frá ári frá 2002 nema á milli áranna 2009 og 2010," segir Stefán.

Árin 2001 og 2002 fæddust á Íslandi innan við 4.100 börn en um fimm þúsund árin 2009 og 2010. Aftur dregur úr í fyrra en þá fæddust 4.496 börn.

Spurður hvort stærri barnahópur þessara ára setji ekki þrýsting á sveitarfélögin þegar þar að kemur segir Stefán að vissulega muni stærri fæðingarárgangur hafa einhver áhrif á þjónustuþörf sveitarfélaga.

„Auðvitað þarf að huga að slíkum sveiflum tímanlega og þær koma fram á mismunandi hátt á milli sveitarfélaga. Ég held hins vegar að væntanleg aukning eldri borgara á næstu áratugum sé mun stærra viðfangsefni en sveiflur í stærð fæðingarárganga. Aukning á fjölda eldri borgara er ekki sveifla heldur varanleg og fyrirsjáanleg breyting á næstu árum og áratugum," segir Stefán.

Leita þarf aftur til áranna 1959 og 1960 til að finna jafn fjölmenna árganga hérlendis. Hins vegar var TFR fyrir þessi ár um 4,2 börn á hverja konu. Árin 2008, 2009 og 2010 var TFR miklum mun lægra eða 2,1 til 2,2 börn á hverja konu.

svavar@frettabladid.is



> Ég held hins vegar að væntanleg aukning eldri borgara á næstu áratugum sé mun stærra viðfangsefni en sveiflur í stærð fæðingarárganga.
>
> **STEFÁN HRAFN JÓNSSON**
> FÉLAGS- OG LÝÐFRÆÐINGUR

ILLA SÉÐUR SOPI Bensíngufur leggur yfir skólann við vissar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stöð þyrnir í auga foreldra:

Vilja bensínstöð færða frá skóla

SAMFÉLAGSMÁL Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti einróma á fundi sínum í síðustu viku tillögu Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um breytta staðsetningu bensínstöðvar í Grafarholti. Um árabil hafa foreldrar barna í Ingunnarskóla og aðrir íbúar hverfisins kvartað yfir því að stöðin sé of nálægt skólanum og frístundaheimili.

Óskað er eftir því við skipulagsráð og umhverfis- og samgönguráð að skoðaðir verði möguleikar á breyttri staðsetningu bensínstöðvarinnar.

Jafnframt óskar ráðið eftir lögfræðilegu áliti á því hvort staðsetning stöðvarinnar samræmist reglum ríkis og borgar um slík mannvirki. - shá

DJÚPIVOGUR

Enginn vildi búa í elliíbúð

Ekki ein einasta umsókn barst Djúpavogshreppi í kjölfar kynningar á fyrirhuguðum leiguíbúðum fyrir eldri borgara. „Það er mat sveitarstjórnar að fenginni þessari niðurstöðu að eldri íbúar kjósi að búa eins lengi og nokkur kostur er í eigin íbúð, með þann stuðning og heimaþjónustu sem sveitarfélögum ber að veita," segir sveitarstjórnin.

Costa del Sol

Frá aðeins kr. 66.900

29. september – 7 nætur
16. október – 10 nætur

Bajondillo
Frá kr. 66.900 í viku
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 74.900 á mann.
Sértilboð 29. september í viku.

Roc Flamingo
Frá kr. 88.700 í 7 nætur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 99.900 á mann.
Sértilboð 29. september í 7 nætur.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM54448

Ferðaskrifstofa

Á Passat EcoFuel kemst þú frá Reykjavík til Akureyrar og til baka án þess að fylla á eldsneytistankinn

Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km*	
	Metan 9.843 kr.
	Dísil 13.655 kr.
	Bensín 18.158 kr.

Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin nýtir metangas og þú getur sparað rúmlega 40% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn CO_2 umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

Passat kostar aðeins frá

4.090.000 kr.

Félag íslenskra bílablaðamanna valdi Volkswagen Passat EcoFuel bíl ársins á Íslandi 2012

Das Auto.

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

*Miðast við eldsneytisverð eins og skráð er hjá Olís og Metan 16. ágúst 2012

Umboðsmenn

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

Arkitekt ÍLS-svikanna æpandi fámáll í dómi

Ungur maður sem sá um að svíkja tugi milljóna út úr Íbúðalánasjóði árið 2009 var í stífri þjálfun hjá öðrum manni í einn og hálfan mánuð á undan. Hann sagði ekki til meints arkitekts fyrr en núna í vor. Sá var ekki málglaður í vitnastúku.

DÓMSMÁL „Ég tjái mig ekki um það," var ótvíræð setning gærdagsins í Héraðsdómi Reykjaness. Hana mælti Helgi Ragnar Guðmundsson, 32 ára, í nokkra tugi skipta þegar hann var spurður út í aðkomu sína að tugmilljóna svikum út úr Íbúðalánasjóði árið 2009.

Helgi Ragnar er talinn hafa verið arkitektinn að svikunum og sætir ákæru sem slíkur en var lítt áhugasamur um að ræða þær ásakanir úr vitnastúkunni í gær. Sumt af því sem nefnt var kvaðst hann ekkert kannast við en neitaði alfarið að tjá sig um allt það sem benti eindregið til tengsla hans við málið.

Reyndar munaði litlu að Helgi Ragnar slyppi við ákæru í málinu. Hann var handtekinn þegar það kom upp fyrir þremur árum og húsleit gerð heima hjá honum. Þar fannst gnótt pappíra sem eru lykilgögn í málinu.

Þrátt fyrir það gekk erfiðlega að finna sönnunargögn fyrir því að Helgi hefði verið viðriðinn svikin með beinum hætti, og svo fór að lokum að þáttur hans var látinn niður falla. Þegar ákæra var gefin út í málinu í vor var einungis að finna nöfn fjögurra manna á þrítugsaldri á ákæruskjalinu – en ekki nafn Helga Ragnars.

Það var ekki fyrr en þá sem hinn aðalmaðurinn í málinu, hinn 25 ára gamli Vilhjálmur Símon Hjartarson, ákvað að segja til Helga.

Frásögn Vilhjálms er á þá leið að hann hafi verið í mikilli óreglu á þessum tíma og skuldað tveimur mönnum – sem hann kvaðst ekki vilja nafngreina af ótta við hefndaraðgerðir – hálfa milljón króna.

Til að losna undan skuldinni þurfti Vilhjálmur að taka að sér að leggja nafn sitt við svikamylluna, sem allan tímann var ljóst að mundi komast upp og að hann yrði hankaður. Honum var að eigin sögn komið í samband við Helga Ragnar, mann sem hann þekkti ekki fyrir en átti að leiðbeina honum í smáatriðum um það hvernig svikin myndu ganga fyrir sig.

Næsta einn og hálfa mánuðinn hittust Vilhjálmur Símon og Helgi Ragnar mjög ítrekað – stundum tvisvar á dag – og fóru yfir það hvernig bæri að falsa undirskriftir á pappíra sem þurfti síðan að skila inn til Fyrirtækjaskrár, sýslumanns, Íbúðalánasjóðs og banka.

Ef marka má frásögn Vilhjálms kenndi Helgi Ragnar honum líka réttan talsmáta í samskiptum við þessar stofnanir til að vekja ekki grunsemdir, sagði honum að vera snyrtilega klæddur og að fela tattúin fyrir fundi.

Á BEINU BRAUTINNI Vilhjálmur kveðst vera edrú fjölskyldumaður í dag. Peningarnir sem hann sveik út hafa hins vegar aldrei komið í leitirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á sjó

Einn sakborninganna fimm, sem ákærður er fyrir að leika sama leik og Vilhjálmur Símon með annað fyrirtæki, var ekki viðstaddur í gær vegna þess að hann er fastur úti á rúmsjó við veiðar. Verjandi hans bað dóminn afsökunar fyrir hönd skjólstæðings síns og sagði að hann mundi mæta á föstudag.

Með þessu móti kom Vilhjálmur Símon sér í stjórn eignarhaldsfélags og gerði sjálfan sig að prókúruhafa, sló tuttugu milljóna króna lán hjá Íbúðalánasjóði fyrir kaupum á fasteignum, lét leggja peninginn inn á reikninga vina sinna, tók þá út og lét Helga hafa.

Vilhjálmur Símon segist upphaflega hafa verið hræddur við afleiðingar þess að segja til Helga, en eftir mikla umhugsun hafi hann ákveðið að gera það til að fá kannski vægari dóm sjálfur.

„Þetta eru menn sem mundu henda Helga fyrir strætó af minnsta tilefni," sagði hann í gær, og taldi sig því ekki þurfa að óttast hefndaraðgerðir ónefndu tvímenninganna. Hann væri nú kominn á beinu brautina og vildi hlífa sjálfum sér.

> Þetta eru menn sem mundu henda Helga fyrir strætó af minnsta tilefni.
>
> **VILHJÁLMUR SÍMON HJARTARSON**

Tveir sakborningar til viðbótar komu fyrir dóminn í gær. Þeir tóku báðir við fénu inn á reikninga sína og eru ákærðir fyrir hylmingu. Þeir báru því við að þeir hefðu ekki vitað að nokkuð ólöglegt hefði átt sér stað. „Á þessum tíma hafði ég ekki hugmynd um að þetta væri bannað," sagði annar. „Ég sé núna hvað þetta er asnalegt og fáránlegt en ég pældi ekkert í því á þessum tíma," sagði hinn.

Bróðir annars þeirra var á meðal vitna. Sá var liðsmaður Vítisengla þegar brotið var framið. Í upphafi var talið að brotið tengdist fullgildingu íslensku Vítisenglanna í alheimssamtökunum, en vélhjólasamtökin bárust hins vegar aldrei í tal í dómnum í gær.

Aðalmeðferðin heldur áfram í dag og svo aftur á föstudaginn kemur.

stigur@frettabladid.is

Bratwurst, smørrebrød eða tapas?

Berlín frá:
15.700 kr.*
Ferðatímabil: 28. sept.–29. okt.

Köben frá:
14.950 kr.*
Ferðatímabil: 25. sept.–30. nóv.

Alicante frá:
20.700 kr.*
Ferðatímabil: 29. sept.–30. okt.

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

12 TÍMA TILBOÐ!
Hefst á hádegi í dag

FRAMHALDSFLUG ÚT UM ALLA EVRÓPU!

FÍTON / SÍA

Iceland Express
- lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 2. október

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
- *Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn*
- *Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu*
- *Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og breytuköst*

Ný námskeið að byrja eftir sumarfrí!

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21:00

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik.
Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á inga@inga.is

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

ENNEMM / SÍA / NM51624

Ævintýralegt úrval af kvikmyndum og sjónvarpsefni í Sjónvarpi Símans

50% afsláttur af öllu leigðu efni í Sjónvarpi Símans á Mögnuðum miðviku-dögum í september.

Ljósnetið færir þér kraftmeiri nettengingu

Þú getur tengt allt að fimm háskerpulykla fyrir Sjónvarp Símans þar sem hægt er að leigja kvikmyndir og horfa á yfir 100 íslenskar og erlendar sjónvarpsrásir.

Kynntu þér áskriftarleiðirnar á **siminn.is** eða í **800 7000**.

	Ljósnet 1 10GB	Ljósnet 2 40GB	Ljósnet 3 80GB	Ljósnet 4 140GB
		Vinsælasta leiðin		
Mánaðarverð	4.690 kr.	5.690 kr.	6.790 kr.	8.090 kr.

Ljósnetið er allt að 50 Mb/s

Síminn

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvernig drykkir stuðla helst að offitu?*
2. *Hvaða íslenska bókaforlag ætlar að selja rafbækur fyrir Kindle-lesbretti?*
3. *Hversu mörg hreindýr vantaði upp á til að allur kvótinn veiddist?*

SVÖRIN

1. Sykraðir drykkir. 2. Forlagið. 3. Þrettán.

Formaður bæjarráðs Kópavogs bað bæjarfulltrúa að láta af niðrandi og ósæmandi ummælum á fundi:

Brigsl gengu á víxl á hitafundi í Kópavogi

KÓPAVOGUR „Að gefnu tilefni vill formaður bæjarráðs minna fundarmenn á að hafa í huga háttvísi í bókunum sínum og gæta að því að niðrandi ummæli sem geta talist beinast að persónum eru fulltrúum í bæjarráði ósæmandi," bókaði Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, á fundi á fimmtudaginn var.

Tilefni bókunar bæjarráðsformannsins voru orðahnippingar Hjálmars Hjálmarsson úr Næstbesta flokknum og Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra úr Sjálfstæðisflokknum. Fyrst var rætt um tillögur starfshóps um Kópavogstún, Kópavogsbæinn og Kópavogshælið og sakaði Hjálmar bæjarstjóra um „ótrúlegt sleifarlag" við úrvinnslu málsins.

„Því skal haldið til haga að á vakt Hjálmars Hjálmarssonar þar sem hann var í meirihluta í ríflega tuttugu mánuði þá gerðist nákvæmlega ekki neitt í þessu máli annað en að leggja til að stofnuð yrði nefnd," bókaði Ármann og bætti við að Hjálmari hafi ekkert orðið úr verki þegar hann fór fyrir starfshópi um leiðarkerfi strætós og fundarsköp bæjarstjórnar.

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

HJÁLMAR HJÁLMARSSON

Hjálmar gerði athugasemdir við „orðbragð bæjarstjóra í sinn garð" í fundarhléi. „Að tala um sleifarlag var niðrandi í þessu samhengi þar sem hratt hefur verið unnið í þessu máli og hraðar heldur en Hjálmar kynntist þegar hann var í meirihluta," svaraði Ármann en Hjálmar sagði þetta staðleysu.

Þá gagnrýndi Hjálmar aðgerðaleysi varðandi strætisvagnaskýli. „Það er ámælisvert að bæjarstjóri skuli ekki hafa fylgt eftir ákvörðunum bæjarráðs hvað þetta varðar og lýsir vel sinnuleysi meirihluta Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins."

Þannig gengu bókanir á víxl, jafnvel eftir að formaður bæjarráðs greip inn í með fyrrgreindum hætti. - gar

MATARTÍMI Í úttekt menntamálaráðuneytis kemur í ljós að Grindvíkingar búa að ódýrustu skólamáltíðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðherra um skólamáltíðir:

Grindavík bauð ódýrasta matinn fyrir nema

SKÓLAMÁL Grindavíkurbær bauð upp á ódýrustu skólamáltíðirnar í grunnskólum á síðasta skólaári. Þetta kom fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn á þingi. Svarið tók til tuttugu fjölmennustu sveitarfélaga landsins. Grindavík bauð lægsta verðið á skólamáltíðum, 279 krónur fyrir staka máltíð, en dýrasta máltíðin var á Álftanesi, 482 krónur. Verðið í Reykjavík var 310 krónur.

Þrátt fyrir að verð skólamáltíða hafi verið lægst í Grindavík hafði verð þeirra þó hækkað mest þar hlutfallslega eða um þriðjung, frá árinu 2009. Garðabær hefur lækkað verðið mest, um tæpan fjórðung frá árinu 2007. - þj

Ný dönsk umferðarkönnun:

Þriðji hver ritar SMS við akstur

DANMÖRK Þrátt fyrir augljósa hættu og þung viðurlög ef upp kemst, freistast þriðji hver ökumaður í Danmörku til þess að senda textaskilaboð við akstur.

Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar umferðaröryggisráðs þar í landi. Í gær hófst átak til að vekja ökumenn til meðvitundar um að slíkt framferði auki hættuna á slysum. Bent er á að ef ökumaður lítur á símann sinn í fimm sekúndur á 80 kílómetra hraða, hefur hann ekið 110 metra í blindni. Þar að auki liggi há sekt við slíku, sem jafngildir 32 þúsund krónum. - þj

Ný könnun í Noregi:

Norðmenn vilja aukið eftirlit

NOREGUR Mikill meirihluti Norðmanna, alls 72 prósent, vill að ríkið fái meiri heimildir til eftirlits með netnotkun borgaranna í því skyni að sporna við glæpum.

Á fréttavef norska ríkisútvarpsins er haft eftir formanni norsku tölvunefndarinnar að auknar heimildir ríkisins til eftirlits muni grafa undan trausti til samborgaranna. Meta þurfi vandlega allar slíkar tillögur. Thon segir nauðsynlegt að stjórnmálamenn leggi áherslu á að Norðmenn búi ekki í hættulegu landi. - ibs

Deila um hver vissi hvað um framboðið

Höskuldur Þórhallsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson deila um hvernig samskiptum þeirra var háttað í aðdraganda framboðstilkynninga. Stefnir í slag um efsta sætið í Norðausturkjördæmi. Ótryggt þingsæti flokksins í Reykjavík.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig standa framboðsmál Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi?

Óhætt er að segja að tíðindi af framboðsmálum Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi hafi komið á óvart. Varaformaðurinn, Birkir Jón Jónsson, tilkynnti fyrir helgi að hann hygðist ekki gefa kost á sér til setu á lista flokksins fyrir næstu kosningar. Flokkurinn á tvo þingmenn í kjördæminu, Birki og Höskuld Þórhallsson.

Tvennum sögum fer af því sem næst gerðist í atburðarásinni. Sigmundur Davíð segist hafa rætt við Höskuld um þá fyrirætlun sína að sækjast eftir efsta sætinu í kjördæminu. Höskuldur segist hins vegar aðeins hafa fengið skilaboð frá Sigmundi um að þeir þyrftu að ræða saman.

Sé útgáfa Höskuldar rétt er staðan sú að formaðurinn sækir að honum í fyrsta sætið, en hafi Sigmundur Davíð rétt fyrir sér er það akkúrat öfugt; Höskuldur tilkynnti um framboð í fyrsta sætið vitandi að formaðurinn hygðist gera slíkt hið sama.

Raunar hefur Hrólfur Ölvisson, framkvæmdastjóri flokksins, staðfest orð Sigmundar Davíðs. Höskuldur segir, í samtali við fréttastofu Stöðvar 2, að það sé rangt hjá Hrólfi.

Sigmundur Davíð og Höskuldur funduðu um málið í gær en ætla báðir að halda framboði sínu til streitu.

Það er ekki í fyrsta skipti sem Framsóknarmenn velja á milli þeirra tveggja. Báðir voru í framboði til formanns í janúar 2009, ásamt Páli Magnússyni. Í síðari umferð var kosið á milli Sigmundar og Höskuldar og hlaut Sigmundur 449 atkvæði en Höskuldur 340. Fyrir mistök var Höskuldur reyndar lýstur sigurvegari, en það leiðrétt skömmu síðar.

SAMHERJAR Á ÞINGI Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Höskuldur Þórhallsson hlýða á umræður á þingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ákvörðun Sigmundar Davíðs kemur heimildarmönnum Fréttablaðsins á óvart. Sigmundur hafi heilmikil tengsl við Reykjavík, en þar hefur hann setið í skipulagsráði. Áður en hann varð formaður vakti hann athygli fyrir tillögur um skipulag borgarinnar.

Hins vegar er ekki á vísan að róa varðandi þingsæti í kjördæmi Sigmundar, Reykjavík norður. Viðskiptablaðið greindi frá því í mars að samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup næði Sigmundur Davíð ekki kjöri í kjördæminu.

Hvorki Sigmundur Davíð né Höskuldur vildu tjá sig við Fréttablaðið í gær. kolbeinn@frettabladid.is

Orri Vigfússon veitir Rússum ráðgjöf vegna netaveiði Norðmanna á laxi í sjó:

Rússar í hart vegna laxveiði í net

NÁTTÚRA Ríkisstjóri Múrmansk-héraðs í Rússlandi hefur ákveðið að vísa ágreiningi um laxveiðar Norðmanna í net á hafsvæði undan ströndum Finnmerkur til öryggisráðs Rússlands. Samningaviðræður Norðmanna og Rússa síðastliðin tvö ár hafa engan árangur borið, og því er þessi leið nú valin.

Öryggisráðið er forsetanum til ráðuneytis um öryggi ríkisins og skipað ráðherrum og fleiri háttsettum embættismönnum.

Ríkisstjórinn, Marína Kovtun, boðaði vegna þessa Orra Vigfússon, formann NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna, nýlega á fund á Kólaskaga þar sem þau ræddu ítarlega um hrun laxastofnsins í N-Atlantshafi. Ríkisstjórinn sagði eftir fundinn að meira en hundrað rússneskar laxveiðiár á svæðinu væru mikilvægar ferðaþjónustu Rússlands og að sögn Orra er það skoðun ríkisstjórans að ótækt sé að laxanet Norðmanna skaði laxastofninn.

Á milli 60–70% af þeim laxi sem veiddur er í netin eru hinn verðmæti vorlax sem stendur undir meginhrygningunni í rússneskum ám á þessum slóðum, að sögn Orra. Bent hefur verið á að veiðar Norðmanna séu brot á 66. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna, en alþjóðleg nefnd vísindamanna hefur staðfest að laxinn sem um ræðir sé af rússneskum uppruna.

VEITT Á KÓLASKAGA Hér er hinn þekkti veiðimaður Árni Baldursson með stórlax sem hann veiddi í Yokanga-ánni á Kólaskaga.

Þess utan hefur Nils Pettersen, formaður norskra veiðiréttareigenda, sagt að ef netaveiðar Norðmanna verði aflagðar hefði það góð áhrif á norskar laxveiðiár en ástand þeirra margra er bágborið. - shá

Sími 519 7550

TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR ELDRI BORGARA

BYRJENDUR 60+
Námskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri sem litla sem enga tölvukunnáttu hafa. Hæg yfirferð með reglulegum upprifjunum og endurtekningum í umsjá þolinmóðra og reyndra kennara. Tölvugrunnur, internetið og tölvupóstur.
Hefst: 3. okt. • Kennt: Mán. og mið. (sjö skipti) frá kl. 13–16
Verð: 29.000 kr. (Kennslubók á íslensku innifalin)

FRAMHALD 60+
Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun tölvugrunns áður en haldið er lengra í ritvinnslu. Frekari æfingar í notkun internets (t.d. Facebook o.fl.) og í allri meðferð tölvupósts.
Hefst: 4. okt. • Kennt: Þri. og fim. (sjö skipti) frá kl. 13–16
Verð: 29.000 kr. (Kennslubók á íslensku innifalin)

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG TÖLVAN 60+
Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar. Yfirfærsla mynda í heimilistölvuna, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar mynda, myndir prentaðar og sendar í tölvupósti.
Hefst: 3. okt. • Kennt: Mán. og mið. (fjögur skipti) frá kl. 13–16
Verð: 19.900 kr. (Kennslubók á íslensku innifalin)

Skeifunni 11B • Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

FÆÐUBÓTAREFNIN
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

3.598 KR.

Whey Pvl: Hreint mysuprótein til að byggja upp vöðva og brenna fitu. Bragðast frábærlega.

CLA Pvl: CLA fitusýrur hafa fyrir löngu sannað sig sem öflugur stuðningur við fitubrennslu ásamt því að vera ein öflugasta krabbameinsvörn sem þekkist í matvælum.

3.598 KR.

2.598 KR.

Creatine Pvl: Creatine hentar öllum sem vilja auka styrk, úthald og vöðvamassa.

Multi Maxx Pvl: Tveggja mánaða skammtur af fjölvítamíni sem inniheldur öll vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.

1.259 KR.

Hydroxycut Hardcore: Töflurnar loksins fáanlegar á íslandi. Nýjasta Liquid gel tækni gerir það að verkum að þær meltast hraðar, fara hraðar út í blóðið og valda kröftugri fitubrennslu en áður hefur þekkst. Aðeins fyrir 18 ára og eldri.

6.959 KR.

Glutamine Pvl: Glútamín kemur í veg fyrir vöðvaniðurbrot og lætur þig jafna þig hraðar eftir æfingu. Nauðsynlegt fyrir alla sem eru í miklum brennsluæfingum.

3.598 KR.

PVL ESSENTIALS

Brennslupakkinn: Whey Maxx · Glutamine Pvl · CLA Pvl.
Massapakkinn: Whey Maxx · Creatine Pvl · Multi Maxx.

BÓNUS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Góð hugmynd um höfuðborgarsamning:

Stóra borgin með litla hjartað

Mörður Árnason alþingismaður skrifaði grein hér í blaðið í gær til að vekja athygli á þingsályktunartillögu sinni og fleiri þingmanna, um að ríkið og Reykjavíkurborg geri með sér samning þar sem fram komi skyldur og réttindi höfuðborgar Íslands.

Mörður segir að í slíkum samningi eigi að koma fram þær sérstöku skuldbindingar, sem höfuðborgin hljóti að standa við, en á móti verði að vera tryggt „að forystumenn í ríkisstjórn og á Alþingi taki tillit til þeirrar ábyrgðar sem á höfuðborginni hvílir – og hætti að líta á Reykjavík sem óvin eins og stundum ber við hjá héraðshöfðingjum á landsbyggðinni.“

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Mörður bendir réttilega á að alla 20. öldina hafi einn af rauðum þráðum íslenzkra stjórnmála verið að koma í veg fyrir vöxt og viðgang höfuðborgarinnar. Það viðhorf er því miður enn við lýði. Undanfarna áratugi hefur það meðal annars birzt í undarlegri öfund yfir því að höfuðborgin skuli vera sú stjórnsýslumiðstöð sem höfuðborgir eiga að vera og nánast þverpólitískri samstöðu um að færa eigi ríkisstofnanir þaðan og eitthvert annað.

Stöku sinnum kemur þó fyrir að landsbyggðarfólk (sem fékk ekki nýja ríkisstofnun) bendir á að þetta sé ekki landsbyggðarvæn stefna, enda komi hún í veg fyrir að hægt sé að sinna mismunandi erindum við stjórnsýsluna á skömmum tíma á einum stað. Mörður Árnason bendir réttilega á að þeir, sem helzt hamra á skyldu Reykvíkinga að starfrækja innanlandsflugvöll til að auðvelda öðrum landsmönnum að rækja erindi sín í höfuðborginni, séu jafnframt ötulustu talsmenn þess að færa stjórnsýsluna annað.

Andúð á uppbyggingu Reykjavíkur kemur líka fram í tregðu Alþingis til að veita sambærilega fjármuni til samgangna í borginni og nágrenni hennar og fara til umferðarmannvirkja úti um land. Einhverra hluta vegna ríkir lítill skilningur á því að auðvelt og öruggt eigi að vera að komast til og frá og um höfuðborgina þótt það virðist augljóst hagsmunamál gesta hennar, jafnt og íbúanna.

Ein birtingarmynd þessa gamla þema í stjórnmálaumræðunni er að talsmenn Reykjavíkur eru oft eitthvað svo litlir í sér þegar þeir eiga að tala fyrir hagsmunum borgarinnar. Þeir virðast hafa látið koma inn hjá sér sektarkennd yfir að hafa sogað til sín fólk, peninga og stjórnsýslu – þótt það sé nákvæmlega það sem höfuðborg á að gera. Þingmenn borgarinnar hafa ríka tilhneigingu til að líta á sig sem fulltrúa allra landsmanna og eru aldrei jafnófyrirleitnir í kjördæmapotinu og kollegar þeirra úr öðrum kjördæmum.

Oft er talað eins og varnarlínan í byggðamálum liggi um mörk höfuðborgarsvæðisins. Það er ekki rétt. Hún liggur um Keflavíkurflugvöll. Það er öflugt borgarsamfélag í Reykjavík, sem kemur í veg fyrir að margt okkar hæfasta og bezt menntaða fólk elti uppi tækifæri í útlöndum og komi aldrei aftur.

Höfuðborgarsamningur, sem kveður bæði á um réttindi og skyldur Reykjavíkur, er góð hugmynd – og ýtir kannski undir skilning á því að höfuðborgin og aðrir landshlutar eru ekki andstæðingar, heldur þurfa hvort á öðru að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Erlent agavald

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Oddnýju G. Harðardóttur fjármálaráðherra á þingi í gær hvort hún teldi að nauðsynlegt væri að sækja aga í ríkisfjármálum til Evrópusambandsins, eða hvort hún væri þeirrar „skoðunar að við þurfum að lúta erlendu agavaldi til að ná tökum á ríkisfjármálunum,“ eins og Bjarni orðaði það. Oddný taldi það ekki nauðsynlegt, en vel samræmanlegt markmiðum ESB. Bjarni gladdist enda telur hann enga ástæðu til að sækja agann til Evrópusambandsins.

Agaleysi í ræðustól

Það dró eilítið úr trúverðugleika Bjarna um hinn mikla aga sem íslenskir stjórnmálamenn ráði yfir að ræðan var haldin undir bjöllu-hljómi forseta Alþingis. Ástæðan, Bjarni hafði ekki aga til að virða tímamörk þingskapa og var snupraður fyrir af forseta Alþingis.

Slegist um Framsókn?

Kosningabaráttan er farin að setja svip sinn á umræðuna. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið á laugardag að Framsóknarflokkurinn ætti að halla sér að Samfylkingunni og Vinstri grænum og skilja sig frá Sjálfstæðisflokknum. Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn keyrt af stað auglýsingar undir slagorðinu „sækjum fram,“ sem óneitanlega vekur hugrenningatengsl við Framsóknarflokkinn. Slagurinn um miðjuflokkinn er hafinn.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Krónan og Björn Bjarnason

Gjaldmiðlar

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Björn Bjarnason setti nýlega fram snilldarhugmynd um hvernig ætti að losa Íslendinga við krónuna. Björn vill að við gerum tvíhliða samning við ESB um að taka hana upp í gegnum EES-samninginn.

Þetta er flott hjá Birni. Eini gallinn á þessari fínu hugmynd er að hún er sama marki brennd og flest það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fram að færa um gjaldmiðilsmálin. Hún er óframkvæmanleg.

Það veit Björn reyndar sjálfur. Hvernig veit ég að Björn veit það? Það veit Björn líka. Hann var nefnilega formaður í frægri Evrópunefnd, sem ég sat í með honum, og hún gaf út stórmerka skýrslu.

Þar var meðal annars fjallað um gjaldmiðilsmálin. Við könnuðum sérstaklega hvort gerlegt væri að taka evruna upp einhliða eða með sérstökum samningum við ESB án aðildar. Niðurstaðan var alveg skýr. Við Björn Bjarnason, og raunar aðrir nefndarmenn, vorum sammála um að þeir möguleikar „verða í reynd að teljast óraunhæfir“.

> Við Björn Bjarnason viljum báðir taka upp evruna – hann vill bara nota leið sem Seðlabankinn segir óraunhæfa.

Seðlabankinn lagði svo þessa nýjustu hugmynd Björns endanlega til verðskuldaðrar hvílu í skýrslu sinni frá síðustu viku. Þar rökstyður bankinn hví upptaka evru án aðildar að ESB, hvort sem er einhliða eða tvíhliða, er ekki raunhæfur kostur.

Það breytir þó engu um fögnuð minn yfir hugmynd Björns. Þó hún sé óraunhæf að mati bæði Seðlabankans og hans sjálfs eins og hann hugsaði árið 2007, þá sýnir hún aðra og merkilegri þróun hjá einum af hugsuðum Sjálfstæðisflokksins:

Fyrst Björn Bjarnason vill nú taka upp evruna með sínum hætti, þá er vart hægt að gagnálykta annað en hann sé kominn á þá skoðun að Íslendingum sé ekki hald í krónunni til framtíðar. Þar erum við sammála.

Við Björn Bjarnason viljum báðir taka upp evruna – hann vill bara nota leið sem Seðlabankinn segir óraunhæfa.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Friðriki svarað

Orkumál

Jón Steinsson
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

Það er ekki tekið út með sældinni að hrósa þessari ríkisstjórn. Eftir að grein mín „Nýtur ríkisstjórnin sannmælis“ birtist í Fréttablaðinu 6. september síðastliðinn birtust áköf andsvör eftir alþingismenn og fyrrverandi alþingismenn dag eftir dag eftir dag. Fæst í þessum greinum er þess eðlis að það kalli á svör frá mér. Fólk hefur mismunandi skoðanir eins og gengur. Ég vil þó aðeins svara Friðriki Sophussyni sem skrifaði grein í Fréttablaðið 12. september gegn minni grein.

Mikilvægasta atriðið sem Friðrik fjallar um hefur með upplýsingagjöf Landsvirkjunar varðandi orkuverð til stóriðju að gera. Ég hélt því fram að fyrir tíð þessarar ríkisstjórnar hefði Landsvirkjun neitað að upplýsa almenning um orkuverð til stóriðju af einhverjum ástæðum. Svar Friðriks er: „Áratugum saman var hægt að lesa meðalverð á orku til orkufreks iðnaðar úr reikningum Landsvirkjunar.“ Þetta er rétt en villandi. Það var hægt að lesa meðalverð á orku til stóriðju út úr reikningum Landsvirkjunar fram til ársins 2002. Árið 2003 breytti Landsvirkjun hins vegar framsetningu ársreikninga á þann veg að þessar upplýsingar voru ekki lengur aðgengilegar. Á umbrotaárunum 2003 til 2009 var meðalverð á orku til stóriðju því ekki aðgengilegt almenningi. Þetta hamlaði mjög upplýstri umræðu um skynsemi þeirra risavöxnu virkjunarframkvæmda sem ráðist var í á þessum tíma.

Hörður Arnarson, nýr forstjóri Landsvirkjunar, bætti úr þessu vorið 2010 og hefur síðan birt meðalverð til stóriðju. En Hörður gekk lengra og setti fram samanburð á orkuverði Landsvirkjunar til stóriðju og meðalverði álvera í heiminum. Sá samanburður leiddi í ljós að verð Landsvirkjunar var um 20% lægra að meðaltali en meðalverð til álvera í heiminum. Af þessum sökum tala ég um að Landsvirkjun hafi selt orku til stóriðju með ríflegum afslætti af einhverjum ástæðum.

Tölurnar sem Hörður birti hafa einnig gert óvilhöllum aðilum kleift að meta arðsemi orkusölu Landsvirkjunar til stóriðju síðasta áratuginn. Ásgeir Jónsson og Sigurður Jóhannesson unnu á síðasta ári skýrslu fyrir fjármálaráðuneytið þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu að arðsemi orkusölu Landsvirkjunar til stóriðju væri lægri en af sambærilegri starfsemi erlendis og svipuð fjármagnskostnaði ríkisins. Niðurstaða þeirra er að „ekki er að sjá að skattgreiðendur hérlendis hafi fengið endurgjald fyrir þá ábyrgð sem þeir hafa tekist á hendur í tengslum við orkusölu sem er mjög umfangsmikil miðað við höfðatölu.“

Ástæðurnar fyrir þessu lága verði (og lágri ávöxtun) geta reyndar verið margar. Ef til vill hefur Ísland einfaldlega verulega ókosti í samanburði við önnur lönd hvað varðar stóriðju. Önnur hugsanleg ástæða er að Landsvirkjun hafi ekki staðið sig vel í samningum, ef til vill vegna pólitísks þrýstings um að ljúka samningum fljótt. Þetta er mikilvægt rannsóknarefni fyrir þjóð sem leggur jafn mikið upp úr stóriðju og við gerum.

Örorka er ekki val eða lífsstíll!

Samfélagsmál

Lilja Þorgeirsdóttir
framkvæmdastjóri ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fór af stað með kynningarátak í byrjun september með það að markmiði að breyta viðhorfum stjórnmálamanna og almennings í garð öryrkja með því að varpa ljósi á málstað þeirra. Átakið er í formi greinaskrifa og auglýsinga í dagblöðum, netmiðlum og í útvarpi.

Örorka er ekki val eða lífsstíll sem fólk velur sér sem ævistarf. Örorka er afleiðing slysa eða sjúkdóma. Að fá örorkumat er langt og flókið ferli sem byggist á læknisfræðilegu mati. Þrátt fyrir það ber á fordómum í garð öryrkja í samfélaginu. Umfjöllun í fjölmiðlum er á köflum neikvæð og skilningsleysi er meðal stjórnmálamanna og almennings um aðstæður þeirra. Finnst mörgum öryrkjum að litið sé á þá sem annars flokks þjóðfélagsþegna og byrði á samfélaginu þrátt fyrir að flestir hafi unnið í áratugi áður en þeir misstu heilsuna og greitt skatta til samfélagsins í mörg ár og gera enn. Það á einnig við um þá sem hafa fatlast snemma á lífsleiðinni en þeir greiða tekjuskatt, virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Öryrkjar vilja standa á eigin fótum, lifa sjálfstæðu lífi og geta tekið virkan þátt í samfélaginu án þess að þurfa að lifa við fordóma í sinn garð.

Leiðrétting á kjörum nauðsynleg

Kjör öryrkja hafa versnað á undanförnum árum þar sem þeir hafa orðið fyrir umtalsverðum kjaraskerðingum. Fjöldi öryrkja er með lágar greiðslur og miklar tekjutengingar sem halda þeim í fátæktargildru. Þá hefur greiðsluþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu aukist til muna sem gerir það að verkum að sífellt fleiri eiga vart fyrir mat eða öðrum nauðsynjum. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa fordómar í garð öryrkja litast af þeirri umræðu að þeir hafi það ekki jafn slæmt og raun ber vitni. Hafa ber í huga að kjör og aðstæður fólks hafa áhrif á sjálfsmynd þess og viðhorf annarra til þeirra og bera stjórnvöld á þessu ákveðna ábyrgð.

> Öryrkjar vilja standa á eigin fótum, lifa sjálfstæðu lífi og geta tekið virkan þátt í samfélaginu án þess að þurfa að lifa við fordóma.

Þingstörf hófust við setningu Alþingis 11. september og er mikilvægt að þingmenn láti hendur standa fram úr ermum við að koma velferðarkerfinu á réttan kjöl. Brýnasta verkefnið er að leiðrétta bætur almannatryggingaa sem hafa ekki hækkað í samræmi við lög um almannatryggingar síðastliðin fjögur ár en lögin voru tekin úr sambandi með fjárlögum í skjóli kreppunnar. Þá hafa bætur almannatryggingaa ekki hækkað til samræmis við hækkun lægstu launa (lágmarkstekjutryggingu í dagvinnu) og er munurinn verulegur. Þessu til viðbótar jukust tekjutengingar örorku- og ellilífeyrisþega 1. júlí 2009 sem skertu kjör margra svo um munaði og hafa þær ekki verið dregnar til baka þrátt fyrir ítrekuð mótmæli Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara. Skerðingarnar áttu að vera tímabundnar í hámark þrjú ár vegna efnahagsástandsins, en stjórnvöld hafa ekki sýnt viðleitni til að leiðrétta þau, þrátt fyrir yfirlýsingar um að hagur ríkisins sé að vænkast. Launaleiðréttingar hafa þegar orðið m.a. hjá alþingismönnum, ráðherrum og fleiri aðilum sem heyra undir kjararáð. Auk þess sem ráðherra ákvað nýverið að hækka heildarmánaðarlaun forstjóra hjá ríkinu um ríflega tvöföld mánaðarlaun lífeyrisþega en dró ákvörðun sína til baka vegna mikillar andstöðu í þjóðfélaginu.

Hvað gerist í kjörklefanum?

Alþingiskosningar eru á næsta ári og kosningaslagur er þegar hafinn. Gera má ráð fyrir því að væntanlegir frambjóðendur reyni eftir fremsta megni að benda á mikilvæg mál sem þeir hafi áorkað. Þúsundir öryrkja, ellilífeyrisþega, aðstandenda og vina þeirra munu í kjörklefanum hugsa til frambjóðenda sem staðið hafa vörð um velferð þessara hópa. Því þó svo að öryrkjar og ellilífeyrisþegar geti ekki farið í verkfall þá hafa þeir þó heilmikil völd sem felast í kosningaréttinum. Með þessum orðum eru stjórnmálamenn eindregið hvattir til að láta verkin tala og leiðrétta tafarlaust kjör öryrkja og ellilífeyrisþega ætli stjórnvöld að standa við gefin loforð.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

ŠKODA Fabia er byggð á einfaldri hugmynd: Það á að vera skemmtilegt að keyra. Þess vegna er billinn svo nettur að utan en rúmgóður fyrir fólk og farangur að innan. **ŠKODA Fabia** er nýr og frábær bíll sem þú einfaldlega verður að prófa!

ŠKODA Fabia kostar aðeins frá:*

2.140.000,-

*Skoda Fabia Classic 1.2 beinskiptur
70 hestöfl. Eyðsla: 5,5 l/100 bl. akstur, CO_2: 128 g/km

Umboðsmenn

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

Framfaraspor fyrir grunnrannsóknir og tækniþróun

Vísindi

Þórarinn Guðjónsson
forseti Vísindafélags Íslendinga

Grunnrannsóknir eru forsenda hagvaxtar flestra þjóða á Vesturlöndum. Þekkingarsköpun sem verður til við slíkar rannsóknir styður við verðmætasköpun sem byggir á hugviti. Það er því mjög mikilvægt að hlúa vel að grunnrannsóknum og efla þekkingarsköpun því þannig aukum við líkur á hagnýtingu þekkingar og auknum hagvexti.

Sú ákvörðun Ríkistjórnar Íslands að efla samkeppnissjóði Vísinda- og tækniráðs, eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi 2013, er mikið ánægjuefni og keðjuverkandi áhrif þessarar ákvörðunar geta orðið mikil. Það er ljóst að allt vísindasamfélagið fagnar þessu og er undirritaður viss um að afraksturinn eigi eftir að skila sér beint og óbeint inn í íslenskt hagkerfi.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti vorið 2010 framsýna stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010-2012. Mikilvægur þáttur í stefnunni sneri að samkeppnissjóðum og segir orðrétt: „Samkeppnissjóðir sem byggjast á vönduðu gæðamati umsókna og nánu samstarfi á milli háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja, eru forsenda fyrir öflugu rannsókna- og nýsköpunarstarfi. Standa þarf vörð um og efla samkeppnissjóðina á næstu árum og sameina sjóði þar sem það á við.“

Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar að efla samkeppnissjóðina má réttilega segja að hún sé að stíga fyrsta skrefið í markaðri stefnu Vísinda- og tækniráðs og er afar ánægjulegt að sjá þetta verða að veruleika. Í fjárlagafrumvarpi sem var flutt í upphafi þings nú í haust kemur fram að ætlunin sé að verja 1,3 milljörðum króna í Rannsókna- og Tækniþróunarsjóð, eða tæplega 500 milljónum meira en árið á undan. Þetta er afar jákvætt og vonandi fyrsta skrefið í að gera þessa sjóði að þeim grunnstöðum vísinda- og tækniþróunar á Íslandi sem þeir þurfa að vera. Rannsóknasjóður er stærsti sjóðurinn sem heyrir undir Vísinda- og tækniráð og hryggjarstykkið í fjármögnun grunnvísinda hér á landi. Rannsóknir við íslenska háskóla og hinar ýmsu rannsóknastofnanir treysta að miklu leyti á stuðning Rannsóknasjóðs. Rannsóknasjóður sem er í umsýslu RANNÍS er enginn áskriftarsjóður heldur er gríðarleg samkeppni um styrki og eru umsóknir sendar utan til umsagnar til að minnka líkur á hagsmunaárekstrum. Rannsóknasjóður er sá vísindasjóður á Íslandi sem stendur faglegast að verki við mat umsókna.

Úthlutunarhlutfall Rannsóknasjóðs er hins vegar orðið afar lágt og er komið niður fyrir 15% í sumum fagráðum auk þess sem styrkirnir eru of lágir til þess að geta fjármagnað að fullu þau rannsóknaverkefni sem fá styrk. Með þeirri aukningu í Rannsóknasjóð sem gert er ráð fyrir í fjárlögum verður hægt að hækka úthlutunarhlutfallið og hækka styrki. Með þessu verður tryggt að fleiri afburðagóð verkefni hljóti styrk. Afleiðingin af þessu getur orðið margþætt fyrir vísindasamfélagið. Fyrst og fremst mun þetta auka samkeppnishæfni sterkra rannsóknahópa á Íslandi, stuðla að birtingu niðurstaðna í góðum tímaritum og auka líkur á hagnýtingu þeirrar þekkingar sem skapast. Jafnframt mun þetta styrkja verulega uppbyggingu doktorsnáms í landinu og styrkja nauðsynlega nýliðun. Ýmis mikilvæg hliðaráhrif munu einnig koma í ljós eins og aukin samvinna stofnana og deilda og betri samkeppnishæfni til að sækja um erlenda styrki. Framtíð atvinnulífs á Íslandi er háð nýsköpun byggðri á þekkingarsköpun í grunnrannsóknum. Það er því mikið fagnaðarefni að sjá ríkisstjórnina halda fast við stefnu Vísinda- og tækniráðs og efla samkeppnissjóði þess. Vonandi er þetta fyrsta skrefið í að gera þessa sjóði að þeim grunnstöðum í íslensku vísinda- og tæknisamfélagi sem þeir þurfa að vera.

Nýr Álftanesvegur – enginn gálgafrestur lengur

Skipulagsmál

Reynir Ingibjartsson
stjórnarmaður í Hraunavinum og höfundur gönguleiðabóka

Í ársbyrjun 1997 kynntu bæjaryfirvöld í Garðabæ nýtt aðalskipulag til ársins 2015. Þar var gert ráð fyrir færslu núverandi Álftanesvegar lengra út í hraunið og norður fyrir væntanlega íbúabyggð í hrauninu. Þar var einnig gert ráð fyrir vegi þvert yfir Gálgahraunið frá Arnarnesvogi og að Garðaholti.

Þáverandi Náttúruverndarráð fjallaði um aðalskipulagið og í umsögninni kom m.a. fram, að mikilvægt væri að tryggja verndun Gálgahrauns sem hingað til hefði fengið að vera óraskað. Í hrauninu væri fjölbreyttur gróður en þar væru einnig söguminjar, sögustaðir, fornar götur og búsetuminjar frá ýmsum tímum.

Minnt er á að Gálgahraun sé nyrsta tungan af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli og nefnt hefur verið Búrfellshraun. Að mati Náttúruverndarráðs er „Búrfellshraun í hópi merkra náttúruminja sem forðast ber að raska frekar en orðið er.“

Í umsögninni er einnig vísað til alþjóðlegra skyldna Íslendinga varðandi verndun einstæðra jarðmyndana. (Tilvitnun, Mbl. 17. jan. 1997).

Þann 19. feb. 1997 ritaði Árni Björnsson læknir grein í Mbl. með fyrirsögninni Gefið Gálgahrauni gálgafrest. Þar segir Árni undir lok greinar:

„Við sem búum í Bessastaðahreppi vitum að bæta þarf Álftanesveginn, en er nauðsynlegt að fremja náttúruspjöll til þess? Ég veit ekki til að kvartað hafi verið undan staðsetningu vegarins, heldur því að hann er mjór og illa hannaður. Þessu virðist mega breyta án þess að flytja hann.“

En nú er gálgafresturinn liðinn – 15 árum síðar. Yfirvöld í Garðabæ halda fast í skipulagið, búið er að bjóða út lagningu nýs Álftanesvegar og taka lægsta tilboði. Aðeins er eftir að skrifa undir og hefja framkvæmdir.

En hvað hefur gerst á þessum 15 árum með Búrfellshraunið? Það er döpur saga. Um miðjan síðasta áratug var aflétt bæjarvernd á Urriðakotshrauni sunnan Vífilsstaða sem er hluti Búrfellshrauns, og hvert stórhýsið reis af öðru með IKEA í broddi fylkingar. Stór hluti hraunsins hvarf undir vegi, bílastæði og hús. Það sem framsýnir menn í Garðabæ höfðu reynt að tryggja, hvarf sem dögg fyrir sólu.

Jafnframt var farið að byggja nýtt íbúahverfi í Garðahrauni (Búrfellshrauni) norðan núverandi Álftanesvegar. Það varð eftirsótt að byggja í hrauninu í nágrenni Gálgakletta. En svo vandaðist málið. Menn ráku augu í málningartúpur og strigaslitrur undir hraunklettum sem áttu að fara undir íbúðarhús. Það rifjaðist upp að þarna hefði Jóhannes S. Kjarval verið að mála. Það komu vomur á menn. Og nú í sumar voru til sýnis á Kjarvalsstöðum meistaraverk Kjarvals af þessum hraunklettum sem áttu að fara undir hús og vegi. Þeir bjartsýnustu héldu þá að nú væri hætt við vegarlagningu um þetta hraun.

Þegar vinnuvélarnar höfðu mulið undir sig Urriðakotshraunið, var mönnum ofboðið og til varð félagið Hraunavinir sem Garðbæingar, Álftnesingar og Hafnfirðingar stóðu að. Markmiðið var að standa vörð um hraun og strendur í þessum sveitarfélögum – bjarga því sem eftir var eins og kostur væri. Lagðar voru fram hugmyndir um Álftanesveginn – annaðhvort að leggja hann í stokk á núverandi stað eða lagfæra vegstæðið og ná um það sátt við íbúa. Tvö þúsund manns mótmæltu flutningi á veginum út í hraunið, ótal fundir haldnir, bréf skrifuð, farið í göngur og rætt við menn. Haldið var í lengstu lög í þá trú, að ráðamenn myndu sjá ljósið og aðrir kostir yrðu skoðaðir. En sú von brást.

Búrfellshraunið allt og ekki síst Gálgahraunið er náttúruperla sem umkringd er byggð á alla vegu. Þetta er sameign okkar sem byggjum þetta land. Búrfell og Búrfellsgjá eru í Reykjanesfólkvangi sem er friðland, ysti hlutinn – Gálgahraunið er friðað og mikill vilji er fyrir því að friða hraunið allt, en – það er eins og mannanna verk fái alltaf forgang ef vantar land undir vegi, hús og jafnvel golfvöll. Við erum herrar jarðarinnar en ekki þjónar.

Það eitt er nú eftir að þeir sem láta sér annt um náttúru okkar, sögu og listmenningu taki saman höndum og verji það sem eftir er af Búrfellshrauninu. Til þess eru ýmis ráð ef viljinn er til staðar. Lítum okkur líka nær. Lítið hraun í mesta þéttbýli landsins á líka sinn tilverurétt. Þetta litla hraun skartar nú sínum haustlitum. Það er lítil fyrirhöfn að takar þar eitt, tvö skref innan um kletta, mosa og lyng. Allir sem unna landi, sögu og listum eiga næsta leik. Stríðið er ekki tapað þó að orrustur tapist.

Það eitt er nú eftir að þeir sem láta sér annt um náttúru okkar, sögu og listmenningu taki saman höndum og verji það sem eftir er af Búrfellshrauninu.

AF NETINU

Hverjir drekktu Íslandi í skuldum?

Þó skuldir íslenskra fyrirtækja hafi lækkað mjög mikið eftir hrun, eða úr um 329% af landsframleiðslu í 194%, þá eru þau enn mjög skuldsett. Aðeins írsk fyrirtæki eru nú skuldsettari í þessum landahópi.

Það liggur þannig ljóst fyrir, að fyrirtækjageirinn ber ábyrgð á skuldsetningunni sem setti Ísland á hliðina – ekki heimilin. Það gerðist með því að allt of margir eigendur og stjórnendur fyrirtækja fóru að braska með lánsfé (það var kallað „fjármálastarfsemi“ eða fjárfestingastarfsemi“). Þessu tengdust einnig mjög auknar úttektir fjár úr fyrirtækjum og oft flutningur þess í erlend skattaskjól.

Blóði var þannig tappað af atvinnulífinu og skuldir skildar eftir. Í stað „framleiðslu-kapítalisma“ kom eins konar „blóðsugu-kapítalismi“ til sögunnar. Eigendur og stjórnendur fyrirtækjanna voru blóðsugurnar, eða braskararnir (eins og það hét hér áður fyrr)! Þetta var róttæk breyting á viðhorfum í fyrirtækjarekstri á Íslandi. Og hættuleg. Skyldu nýju viðhorfin enn vera við lýði?

http://blog.pressan.is

Stefán Ólafsson

RAFVÖRU MARKAÐURINN

FLÚRLAMPAR OG KASTARAR

Við Fellsmúla - Reykjavík

FLÚRLAMPAR

10W
15W
18W
30W
36W

Verð frá **2.595**

FLÚRLAMPAR

14W
21W
28W

Verð frá **2.995**

IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM

2.995
1 x 36W

4.995
2 x 36W

SPEGLALAMPAR

Verð frá **4.995**

Verð frá **5.595**
Með tengli

Verð frá **4.995**
Með tenglum

INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT

6.995
4 x 14W

5.995
4 x 18W

RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR

MEÐ ELECTRONIC BALLAST

T8

1 x 18W **3.595**
2 x 18W **4.595**
1 x 36W **5.995**
2 x 36W **6.995**
1 x 58W **6.595**
2 x 58W **7.595**

T5

1 x 14W **4.595**
2 x 14W **4.995**
1 x 28W **5.495**
2 x 28W **5.995**

INNRÉTTINGALAMPAR

3.995
8W

4.595
13W

FLÚRLAMPAR Á LOFT

5.995
4 x 18W

5.995
2 x 36W

ÚTIKASTARI M/ KLEMMU

150W
2.595

150W
1.990
ÚTIKASTARI

FLÚRLAMPI Á LOFT

2 x 36W
4.959

ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA

400W **4.595**

150W **3.995**

ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA

400W **4.595**

150W **3.995**

GÖTULJÓS MÁLMHALOGEN

70W
8.990

FLÓÐKASTARAR - MÁLMHALOGEN

250W & 400W
14.995

150W
9.995

ÚTIKASTARAR

Litir: svart, hvítt, grátt

150W **1.995**
500W **2.495**
1000W **3.729**

ÚTIKASTARAR M/ SPARPERU

9W
3.995

24W
4.595

ÚTIKASTARAR Á STANDI

150W
3.495

500W
3.995

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

tímamót

timamot@frettabladid.is

63 **SPÆNSKI LEIKSTJÓRINN** Pedro Almodóvar er 63 ára í dag

„Konur eru sterkari en við karlar. Þær takast á við vandamálin á beinskeyttari hátt og fyrir vikið eru þær miklu áhugaverðara umfjöllunarefni.“

Merkisatburðir

1066 Haraldur harðráði fellur í orrustunni við Stafnfurðubryggju.

1555 Ágsborgarfriðurinn undirritaður.

1654 Grímur Jónsson brenndur á báli fyrir galdur í Trékyllisvík á Ströndum. Fimm dögum fyrr höfðu Þórður Guðbrandsson og Egill Bjarnason verið brenndir þar fyrir sömu sakir.

1850 Fyrsta heildarlöggjöf um erfðir gengur í gildi á Íslandi. Samkvæmt henni skyldu dætur njóta sama réttar til arfs og synir.

1939 Breskri njósnaflugvél nauðlent á Raufarhöfn.

1958 Varðskipin Óðinn og María Júlía taka togarann Paynter við ólöglegar veiðar. Var þetta fyrsti togarinn sem tekinn var innan tólf mílna markanna nýju. Honum var sleppt aftur að skipun dómsmálaráðuneytisins.

AFMÆLI Börn og fullorðnir fylgdust með athygli með skemmtiatriðum á afmælishátíð Brákarborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LEIKSKÓLINN BRÁKARBORG: DRÓGU GRÆNFÁNA AÐ HÚNI Í AFMÆLISVEISLU

Héldu hátíð á sextugsafmæli

Leikskólinn Brákarborg er sextugur á árinu. Til að fagna tímamótunum var haldin afmælishátíð í leikskólanum síðastliðinn fimmtudag. „Það var mjög skemmtilegt hjá okkur á þessari hátíð. Við héldum veislu fyrir börnin fyrir hádegi og svo buðum við foreldrum á hátíð eftir hádegi. Þá fengum við afhentan Grænfánann frá Landvernd og hann var dreginn að húni við hátíðlega athöfn á hátíðinni,“ segir Helga Ingvarsdóttir leikskólastjóri.

Brákarborg er þriggja deilda leikskóli með 52 börnum sem stendur við Brákarsund, götu sem fáir þekkja. „Já við erum hér á hálfgerðum leynistað, við göngustíg, þannig að fáir utan hverfisins vita af okkur. En staðurinn er góður, við erum nálægt Laugardalnum og sækjum mikið í hann. Hér er mikil hverfamenning sem við leggjum rækt við.“

Brákarborg er einn elsti leikskóli borgarinnar sem er í húsnæði sem byggt var sem leikskóli. Bæst hefur

við húsakost því árið 1995 var tekin í notkun viðbygging. Það var Barnavinafélagið Sumargjöf sem reisti leikskólann eins og marga aðra leikskóla borgarinnar og rak með stuðningi borgaryfirvalda þar til borgin tók alfarið reksturinn yfir árið 1978.

„Markmið skólans er að láta frá sér sjálfstæða og örugga einstaklinga sem þora að taka eigin ákvarðanir og standa við þær, jafnframt því að virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra. Lögð er áhersla á að börnin fari úr leikskólanum með góðar minningar,“ segir á heimasíðu skólans og segir Helga andann í leikskólanum afar góðan. „Við erum mjög stolt af þessum leikskóla, bæði kennarar og nemendur.“

sigridur@frettabladid.is

ÞREFALT SEXTUGSAFMÆLI

Það er ekki bara Brákarborg sem fagnar sextugsafmæli á þessu ári í hverfinu, heldur eiga Langholtsskóli og Langholtskirkja líka sextugsafmæli. Þessar þrjár stofnanir eru steinsnar hver frá annarri. Langholtsskóli stendur við Holtaveg í Laugardalnum austanverðum, Langholtskirkja við Sólheima og Brákarborg við Brákarsund sem fyrr segir.

ÞETTA GERÐIST: 25. SEPTEMBER 1958

Fyrsti togarinn tekinn

Þennan dag fyrir 54 árum náðu Íslendingar fyrsta fiskiskipinu á sitt vald í nýbyrjuðu þorskastríði við Breta. Það voru varðskipin Óðinn og María Júlía sem tóku togarann Paynter þar sem hann var við ólöglegar veiðar úti af Vestfjörðum. Tundurspillirinn Diana, sem gætti landhelgisbrjótanna, fékk leyfi til að fara með veikan mann inn til Patreksfjarðar. Togararnir áttu að fara út fyrir landhelgi á meðan en Paynter virti þau fyrirmæli að vettugi og kastaði vörpunni. Þá lagði Óðinn að honum og setti nokkra menn um borð og var þeim mætt með bareflum. Þá kom María Júlía að með aukinn liðsafla. Stimpingar urðu en ekki veruleg meiðsl. Lauk átökunum með því að varðskipsmenn tóku við stjórn togarans og bjuggu sig undir að færa hann til hafnar. Þá komu fyrirmæli frá Landhelgisgæslunni um að sleppa togaranum þar sem svo liti út sem Íslendingar hefðu notfært sér leyfi herskipsins til að leita hafnar.

---

†

Faðir okkar,

SIGTRYGGUR HELGASON
Hlyngerði 12, Reykjavík,

lést föstudaginn 14. september. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. september kl 13.00.

Þórhildur Sigtryggsdóttir
Kristbjörg Hrund Sigtryggsdóttir

---

†

Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

GUNNARS HELGASONAR
húsgagnabólstrara,
Lautarsmára 1, áður Laugateig 8.

Guðbjörg Þórarinsdóttir
Helgi Gunnarsson **Linda Ósk Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

INGA SIGURJÓNSDÓTTIR
Víðimel 72,

lést fimmtudaginn 20. september.

Garðar Guðmundsson
Guðrún Helgadóttir
Sigrún Kristín Guðmundsdóttir **Torfi Ólafsson**
Selma Sigurjónsdóttir **Friðþjófur Björnsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

KARL STEFÁNSSON
kennari,
Lindasíðu 4, Akureyri,

lést miðvikudaginn 19. september. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. september kl. 13.30.

Stefán Lárus Karlsson **Elisabeth Zitterbart**
Hermann Þór Karlsson
Snorri Karlsson **Ragnheiður Árnadóttir**
Rósa Karlsdóttir
og afabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍSABET EINARSDÓTTIR
frá Kárastöðum í Þingvallasveit, áður til heimilis að Þórsgötu 25, Reykjavík,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn 17. september, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 27. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Guðbjargar Einarsdóttur frá Kárastöðum, kt. 520606-0920, reikningsnr. 0323-13-301467.

Ása Jóhannesdóttir
Ari Jóhannesson **Jóhanna F. Jóhannesdóttir**
Einar Jóhannesson **Ívar Ólafsson**
Einar Örn Jónsson **Birna Ósk Hansdóttir**
Jóhannes Arason **Bjarney Bjarnadóttir**
Árni Gautur Arason **Sólveig Þórarinsdóttir**
Egill Arason
Teitur Arason
Daði Einarsson **Ingibjörg Agnes Jónsdóttir**
og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær kona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

HUGRÚN HRAUNFJÖRÐ
Rauðalæk 42, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans miðvikudaginn 19. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 28. september kl. 11.00.

Níels Birgir Svansson
Birgir Elfar Hraunfjörð
Andri Geir Níelsson
Davíð Svanur Níelsson **Thelma María Guðnadóttir**
Eiríkur Níels Níelsson **Gordana Kalambura**
barnabörn og systkini.

---

†

Ástkær dóttir okkar og systir,

AGNES DRÍFA GUÐMUNDSDÓTTIR
Fellstúni 19, Sauðárkróki,
áður til heimilis að Húnabraut 9, Blönduósi,

lést á Sjúkrahúsinu Akureyri föstudaginn 21. september. Jarðsungið verður frá Blönduóskirkju föstudaginn 28. september kl. 15.00.

Elín Gréta Grímsdóttir **Guðmundur Theodórsson**
María Sigríður Guðmundsdóttir **Stefán Þorvaldsson**
Stefanía Th. Guðmundsdóttir **Stefán Gunnarsson**
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir **Pétur H. Stefánsson**
Hrefna Bára Guðmundsdóttir

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR

Börn eru viðkvæm fyrir alls kyns sýkingum í skólum og leikskólum. Þau eru í mikilli nálægð hvert við annað og handþvottur og almenn snyrtimennska eru ekki endilega efst á baugi. Hnerrar og hóstar ganga á milli og pestirnar láta á sér kræla. Fjölvítamín, lýsi, hollur matur og hreinlæti virka fyrirbyggjandi.



Línurnar í lag!

Ný sending af aðhaldsundirfatnaði
bolir - buxur - mitti - kjólar -
pils-leggings...

Selena

Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

Eirberg

sissel

Ægingadýna Verð: 8.990 kr.
Nuddrúlla Verð: 5.470 kr.

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Viðfrægu, frábæru krókabuxurnar

Nýkomnar aftur í
S,M,L,XL,2X
á **kr. 5.990,-**

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur

HÚÐIN Á VETURNA

HÚÐ OG HEILSA *Nú þegar veturinn nálgast óðfluga og frostið fer að bíta kinn er kominn tími til að huga að umhirðu húðarinnar.*

Margir fara að finna fyrir kláða og þurrki þegar kólnar í veðri, sérstaklega á andliti, stundum á höndum og fótum og jafnvel um allan líkamann. Erna María Eiríksdóttir, snyrtifræðingur og framkvæmdastjóri snyrtistofunnar Verði þinn vilji, segir hægt að koma í veg fyrir þess konar rakaþurrk með því að bregðast rétt við og nota hentugar vörur á andlit og líkama. „Það er líka mikilvægt að halda góðum raka í líkamanum með því að drekka nóg af vatni yfir daginn en miðað er við að drekka um átta glös af vatni á dag. Þá eru C-, E- og A-vítamín góð fyrir húðina en rannsóknir hafa sýnt að þau vernda hana og geta dregið úr þurrki og húðskemmdum. Fjölómettaðar fitusýrur, sérstaklega omega 3, hafa líka góð áhrif. Kryddaður matur eins og til dæmis engifer og chili þurrkar hins vegar húðina. Koffín og áfengi hafa einnig mjög þurrkandi áhrif," segir Erna.

„Gott er að bera verndandi krem á húðina en flestir þurfa að skipta um krem á veturna og nota þá feitari krem en á öðrum árstímum. Þá eru þurrkublettir algengir yfir vetrartímann og þá þarf að nota tvö mismunandi krem, serum eða húðolíu á þurru svæðin," segir Erna. „Einnig er sniðugt að djúphreinsa húðina einu sinni til tvisvar í viku til að örva blóðflæðið og taka dauðar húðfrumur. Það stuðlar að heilbrigðri endurnýjun húðarinnar og þannig kemst krem sem borið er á húðina betur inn í hana."

Eins gott og það er að bera á sig rakakrem þegar þurrkur er í húðinni þá mælir Erna ekki með því að bera á sig 100% rakakrem þegar það er kalt og frost úti. „Það er betra að bera á sig krem sem eru gerð sérstaklega til að vernda húðina í kulda og einnig að gefa henni þann raka og fitu sem hún þarf. Kuldakremin eru líka tilvalin fyrir börn og fínt að setja þau á litlar kinnar áður en farið er út að leika sér í frostinu."

Þá segir Erna að hægt sé að nota snyrtivörur í verndandi tilgangi. „Konur geta borið farða eða púður á andlitið til að verja húðina gegn utanaðkomandi áhrifum og hitamismun."

Erna nefnir að það sé sniðugt að fá persónulegar ráðleggingar hjá snyrtifræðingi um húðina því fólk sé misjafnt og húðgerðirnar ólíkar og misjafnt hvað þurfi að gera til að halda húðinni í góðu jafnvægi yfir vetrartímann.

■ lilja.bjork@365.is

STRÁKAR ÞURFA LÍKA KREM
Karlmenn þurfa ekkert síður en konur að huga að umhirðu húðarinnar. Erna segir það hafa aukist að strákar komi til hennar á stofuna í andlitsmeðferðir.
MYND/GVA

VERNDANDI
Gott er að bera verndandi krem á húðina. Flestir þurfa að skipta um krem á veturna og nota þá feitari krem en á öðrum árstímum.

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Boston
leður
svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47
Verð: 11.900 kr.

Roma
Rúskinn
lj.blátt d.blátt
36-42
Verð: 6.990 kr.

Monako
leður
svart, hvítt
rúskinn og
microfib.
st. 36-46
Verð: 7.990 kr.

Paris
leður
svart, hvítt,
blátt
m/microfib og
rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 10.900 kr.

Verona
svart, hvítt
st. 36-41
Verð: 8.600 kr.

Bari
leður
rautt, sand, blátt
st. 36-42
Verð: 7.990 kr.

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað á laugardögum

Gjöf handa þér og þínum

Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Nýlega hóf störf hjá Táp ehf. sjúkraþjálfun, **Atli Örn Gunnarsson** löggiltur sjúkraþjálfari.

Við bjóðum hann velkominn til starfa.

TÁP
SJÚKRAÞJÁLFUN

Hlíðasmára 15 • 564 5442 • www.tap.is

KONJAK
VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT OG ÖRUGGLEGA?
Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT glas af vatni 3x á dag hálftíma fyrir máltíð

Fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna

GLYMSKRATTINN
MEÐ SMUTTY SMIFF
FÖSTUDAGSKVÖLD
KL. 22
X 977

ÞAÐ ER HEILSUSAMLEGT AÐ VINNA

VINNUHEILSA *Farsæl endurkoma til vinnu eftir veikindi skiptir sköpum fyrir sjúklinga og samfélag. Hún er þó ekki aðeins á ábyrgð einstaklingsins sjálfs.*

Vinnan göfgar manninn segir máltækið og eru fjölmargar rannsóknir sem styðja það. Því er það óæskilegt ef fólk fer ekki út á vinnumarkaðinn eftir veikindi eins og oft er raunin. Ástæða þess liggur þó ekki aðeins hjá einstaklingnum sjálfum heldur kemur fleira til.

Vinnueftirlitið stóð fyrir námskeiði um endurkomu til vinnu eftir veikindi í samstarfi við NIVA Education í síðustu viku og fékk Patrick Loisel, prófessor við háskólann í Toronto, til að halda fyrirlestur, en hann er einn fremsti vísindamaður heims á þessu sviði og hefur gert fjölmargar rannsóknir sem tengjast því.

„Oft er aðeins horft á líffræðilega þætti og sjúkdóminn sjálfan en hin síðari ár þykir ljóst að það eru fjölmargir aðrir þættir sem ráða því hvort einstaklingur fari aftur út á vinnumarkaðinn eftir langvinn veikindi. Þetta geta verið aðstæður á vinnustaðnum, fjölskylduaðstæður, félagslega kerfið, tryggingakerfið og heilbrigðiskerfið,“ segir Loisel. „Fjölmargar rannsóknir sýna að vinna er góð fyrir heilsuna og almenna vellíðan og því er mikilvægt að fólk ílengist ekki heimavið eða fari á örorku nema það sé algerlega óumflýjanlegt.“

Loisel segir ástæðuna ekki alltaf að finna hjá einstaklingnum sjálfum. Heilbrigðisstarfsfólk, starfsfólk innan félagsgeirans og vinnuveitendur þurfi að taka sig saman og búa þannig um hnútana að í kjölfar veikinda geti einstaklingar átt farsæla endurkomu út á vinnumarkaðinn. Leggja þarf áherslu á að komast að rótum vandans og því þarf að skoða vel aðstæður bæði hjá einstaklingnum sjálfum og á vinnustöðum. „Þessir þættir hafa mikið að segja um það hvernig til tekst og nægir að nefna Norðurlöndin sem dæmi. Þau eiga það sameiginlegt að hafa sterkt félagslegt kerfi og virðast fyrir okkur sem búum annars staðar um margt ansi áþekk. Samt sem áður er breytileikinn í fjölda þeirra sem fara aftur út á vinnumarkað eftir veikindi mikill á milli þessara landa, sem hlýtur að hafa eitthvað með ólíkar nálganir að gera.” segir Loisel.

Hann kynnti sér meðal annars starfsemi starfsendurhæfingarsjóðsins Virk meðan hann var hér á landi og segir hana geta fallið vel að sínum rannsóknarniðurstöðum. Þar er lagt upp með að atvinnurekendur og ýmsir fagaðilar leggist á eitt með einstaklingnum til að auka starfsgetuna og tryggja áframhaldandi veru á vinnumarkaði. Það er til hagsbóta fyrir bæði einstakling og samfélag.

HEFUR GERT FJÖLDA RANNSÓKNA
Loisel segir fjölmargar rannsóknir sýna að vinna sé góð fyrir heilsuna.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

20% afsláttur af svörtum síðbuxum frá
zhenzi WOMENS WEAR og ZE-ZE CONCEPT

Auk þess 20% afsláttur af nokkrum gerðum af kjólum, tunicum bolum og jökkum

Tilboðið gildir til 30. september

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Kínversk heilsu
Leiðbeinandi: Qing
Qi Gong
leikfimi
Fyrir 60 ára og eldri
kl. 10.00 virka daga
Heilsubætandi 5000 ára tækni
Sétilboð 2 fyrir 1
3. mánaða Námskeið fyrir 60 ára og eldri
HEILSU DREKINN
禅悦
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Lepicol
- fyrir meltinguna

Inniheldur Psyllium husk trefjar ásamt mjólkursýrugerlum. Lepicol Plús inniheldur einnig meltingarenzym. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

SÖNN ÍSLENSK UPPLIFUN


REYKJAVÍK
MARINA
Icelandair Hotels

REYKJAVÍK
NATURA
Icelandair Hotels

FLÚÐIR
Icelandair Hotels

HAMAR
Icelandair Hotels

AKUREYRI
Icelandair Hotels

KEFLAVÍK
Icelandair Hotels

HÉRAÐ
Icelandair Hotels

KLAUSTUR
Icelandair Hotels

Icelandair hótel eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og hvort sem þið viljið njóta náttúrufegurðar á fornum sögustöðum, stunda útivist eða upplifa menningarlífið fyrir sunnan, norðan, austan eða vestan, bjóðum við alltaf upp á fyrsta flokks aðstöðu og framúrskarandi þjónustu. Hótelin átta mynda sterka heild með sameiginlegt ættarnafn og svipmót, eins og meðlimir í samhentri fjölskyldu þar sem séreinkenni, skapgerð og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín til fulls.

Við hlökkum til að taka vel á móti ykkur og eiga saman sanna íslenska upplifun.

Gjafabréf Icelandair hótela færa þeim sem þú vilt gleðja einstaka upplifun.
Þau gilda á öllum Icelandair hótelum. Upplýsingar í síma 444 4000 eða á icehotels@icehotels.is

satt

Hreint og beint eldhús

SATT. ÞAÐ ER FERSKA HRÁEFNIÐ, ÞAÐ ER AUGNA-KONFEKTIÐ ALLT Í KRING OG ÞAÐ ER KÆRLEIKURINN SEM FER Í MATARGERÐINA.

Komdu í hádegisverð á Satt, snæddu ljúffengt léttmeti og ef þú ert með stórt hjarta skaltu tylla þér við langborðið og sjá hvort þú eignast nýja vini. Bjóðum upp á dýrðlegt brunch hádegishlaðborð allar helgar.

Komdu í kvöldverð á Satt, sittu lengi í góðum félagsskap og borðaðu gómsætan mat úr staðbundnu og fersku hráefni sem er ekki síður gott fyrir sálina en líkamann.

Komdu á Happy Hour á Satt milli kl. 16 og 18 þegar allir áfengir drykkir eru á hálfvirði.

Jólahlaðborð með sígildri hátíðarstemningu

Hlaðborðið okkar er orðið að dásamlegri hefð, klassískt með fersku ívafi. Hugljúf og lifandi tónlist alla daga og fjölskyldugleði á sunnudögum.

Jólin hefjast á Satt 15. nóvember

Eftir það bjóðum við upp á jólahlaðborðið á kvöldin og í hádeginu 16. – 17. og 23. – 24. nóvember og alla daga frá 29. nóvember til 22. desember.

Borðapantanir í síma 444 4050 eða á satt@sattrestaurant.is.

Málum bæinn grænan

Eftirminnileg óskastund á hverju strái

REYKJAVÍK NATURA
Icelandair Hotels

Ljósmyndari: Siggi Antons

Mannamót á Reykjavík Natura

Reykjavík Natura er kjörinn staður fyrir veisluhöld, ráðstefnur og fundi, hvort sem um ræðir stóra viðburði eða smáa. Við útvegum hvaðeina sem tilefnið kallar á – penna og pappír, pontu og hljóðkerfi, tæknifólk, ljúffengar veitingar frá Satt og þaulvanar þingfreyjur og -þjóna til að gera daginn árangursríkan og ógleymanlegan. Eftir fundinn er tilvalið að skella sér í sund og gufu eða nudd á Sóley Natura Spa.

Icelandair hótel Reykjavík Natura er nýlega endurbætt hótel í fallegu umhverfi Öskjuhlíðar og Nauthólsvíkur. Hér býðst öll sú þjónusta sem gestir gera kröfu um á fyrsta flokks hóteli. Sérstaða hótelsins og afþreyingarmöguleikar gera dvölina að eftirminnilegri upplifun.

Listum og menningu er gert hátt undir höfði á Reykjavík Natura. Myndlist, skúlptúrar og vídeóverk eftir merka íslenska samtímalistamenn prýða hótelið og íslenskir hönnuðir sýna hönnun sína vikulega á veitingastaðnum Satt. Þá prýðir anddyri hótelsins eitt af stærstu fuglasöfnum landsins.

Öll herbergi á Reykjavík Natura eru björt, rúmgóð og útbúin nútímaþægindum, svo sem þráðlausu neti og sjónvarpi. Hvert herbergi er einstakt og býðst gestum meðal annars að velja um herbergi sem tileinkuð eru íslenskum skáldum, íslenskum listamönnum, íslenskri náttúru eða flóru Íslands. Brúðhjón sem dvelja hjá okkur fá við einstakar móttökur.



Tilboð

Upplifðu Icelandair hótel Reykjavík Natura

Sérstakt tilboð á gistingu og með því í nóvember og desember 2012: Spa, matur og drykkur í fallegu umhverfi .

34.000 kr. eða aðeins 17.000 kr. á mann

Innifalið: Gisting fyrir tvo eina nótt í gæðarúmum, fordrykkur, morgunverðarhlaðborð, bitabakki og vínglas á Satt, nudd og líkamsskrúbb á Sóley Natura Spa

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

SÓLEY NATURA SPA
Sóley Natura Spa er heilsulind staðsett á jarðhæð hótelsins. Hér er boðið upp á unaðslegt dekur í himnesku umhverfi, saltvatnssundlaug, gufubað og heita potta, ásamt snyrtistofu og nuddstofu. Sóley Natura Spa notar eingöngu Sóley Organics vörur, sem eru unnar úr handtíndum íslenskum jurtum, og er einnig að finna á öllum herbergjum Reykjavík Natura.

Á Reykjavík Natura

- Reykjavík Natura er umhverfisvottað hótel samkvæmt ISO 14001.
- Við bjóðum upp á bíósýningar sex daga vikunnar.
- Fyrir jólin fá allir gestir í skóinn frá jólasveinunum.
- Gestir fá afslátt á söfnum Listasafns Reykjavíkur.
- Þú getur gist í herbergi stærsta manns í heimi.

Á DÖFINNI

Jólahlaðborð 16. – 17. og 23. – 24. nóv. Alla daga frá 29. nóv. til 22. des.
Þakkargjörðarhlaðborð Einstök bandarísk hátíð 22. nóvember.
Skötuhlaðborð með rammheföbundnu sniði á Þorláksmessu.
Kvöldlestur Íslenskar skáldsögur lesnar á ensku öll fimmtudagskvöld.
Tískusýning alla föstudaga með íslenskum hönnuðum.

Icelandair hótel Reykjavík Natura Nauthólsvegur 52, 101 Reykjavík Sími: 444 4500 reykjaviknatura@icehotels.is www.icelandairhotels.is

Við elskum hefðir.
Þess vegna sköpum við þær.

Við elskum aðventuna. Við elskum að skála við uppáhaldsfólkið okkar. Við elskum kokkteila. Við elskum stemmningu. Við elskum léttan mat sem bráðnar í munni og lætur okkur líða vel. Við elskum syndsamlega góða eftirrétti. Við elskum ekki þungan og gamaldags mat. En það stendur ekki í vegi fyrir girnilegasta hlaðborðinu um jólin 2012.

Jólin á Slippbarnum

Hér verðum við í essinu okkar í hádeginu og á kvöldin 22., 23. og 24. nóvember og svo alla daga frá 29. nóvember til jóla – vertu með. Borðapantanir í síma 560 8009.

Icelandair hótel Reykjavík Marina Mýrargata 2 101 Reykjavík Sími 560 8000 www.icelandairhotels.is

Nýr tónn í litrófi miðbæjarins

Einna hótelið í heimi þar sem hægt er að snerta skip í slipp

REYKJAVÍK MARINA
Icelandair Hotels

Gamla höfnin

Bogabyggingin sem hýsir Icelandair hótel Reykjavík Marina er þekkt kennileiti við hafnarsvæðið. Opnun hótelsins vorið 2012 er hluti af blómlegri uppbyggingu í vestasta hluta miðbæjarins og er gjarnan tekin sem dæmi um vel heppnaða nýsköpun og uppbyggingu í góðri sátt við umhverfið. Reykjavík Marina hlaut Fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2012 fyrir fallegt umhverfi og gott aðgengi.

Icelandair hótel Reykjavík Marina er nýtt hótel í hjarta Reykjavíkur með einstakan karakter. Reykjavík Marina stendur við gömlu höfnina í Reykjavík í nánu sambýli við slippinn og vísar aðalinngangurinn beint í norður að slippnum, þar sem skipin eru bókstaflega í seilingarfjarlægð.

Frumleg og litrík hönnun einkennir Icelandair hótel Reykjavík Marina. Húsgögn og innréttingar eru sérsmíðuð á Íslandi og nútímalegri hönnun blandað saman við endurnýtta gamla muni af höfninni og úr slippnum. Herbergin á Reykjavík Marina eru litrík, skemmtileg og þægindin í fyrirrúmi, með útsýni annars vegar yfir rótgróinn vesturbæinn og hins vegar dásamlega fjallasýn í átt að Faxaflóa og Esjunni. Andrúmsloftið á hótelinu er lifandi og einkennist af sköpunarkrafti, gleði og margbreytilegu mannlífi, enda laðar líflegt umhverfið og kokkteilarnir á Slippbarnum að sér stóra hópa íslenskra og erlendra gesta.

Dráttarbrautir og spilhús
Hótelstjórinn Snorri segir frá því að sér hafi einu sinni borist kvörtun. Þýskur ferðamaður setti sig í samband við hann, eyðilagður yfir því að glæsilegt skip hefði siglt úr slippnum áður en honum gafst færi á að festa það á filmu. Var manninum sagt að hafa engar áhyggjur og fór í háttinn um kvöldið en morguninn eftir þegar hann reis úr rekkju blasti við enn betra útsýni, því nýtt skip hafði komið í slippinn um nóttina. Ferðamaðurinn kvaddi hæstánægður.

Bjóddu ástinni þinni í miðborgarævintýri

Tveggja manna herbergi með morgunverðarhlaðborði
16.500 kr. eða aðeins 8.250 kr. á mann

Gildir frá 1. nóvember til 21. desember 2012

Tilboð

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

Á Reykjavík Marina

- Bogabyggingin hefur áður hýst málningarverksmiðju, trésmíðaverkstæði og ýmsa starfsemi tengda slippnum.
- Hótelið hýsir stóra off-venue hádegistónleika á Iceland Airwaves hátíðinni.
- Í Slippbíói býðst gestum að horfa á íslenskar kvikmyndir með enskum texta.
- Við leggjum okkur fram um að taka þátt í menningarviðburðum í miðborginni.
- Líkamsræktarsalurinn Þrekvirkið er staðsettur í anddyrinu.
- Skemmtileg og óhefðbundin aðstaða fyrir fundi, veislur og móttökur.
- Í bókastofunni eru hillur smíðaðar úr 1600 trékubbum sem féllu til við endurbæturnar.
- 220 textaskilti leynast í krókum og kimum með fróðleik og skilaboðum til gesta.

HÁTÍÐ FYRIR ÖLL SKYNFÆRIN

Iceland Airwaves 31. okt. – 4.nóv. Off-venue hádegistónleikar.
Óhefðbundið jólahlaðborð 22.– 24. nóv. og alla daga frá 29. nóv. til jóla.

Icelandair hótel Reykjavík Marina Mýrargata 2.101 Reykjavík Sími 560 8000 reykjavikmarina@icehotels.is www.icelandairhotels.is

KEFLAVÍK
Icelandair Hotels

Hvíldu vængina

Vinalegur áningarstaður við dyraþrep heimsins

Buon natale!

Jólahlaðborðið á Vocal 2012 verður með ítölsku ívafi. Íslenskur jólamatur og ítalskt ljúfmeti er stórkostleg blanda sem þú verður að upplifa. Tríóið Delizie Italiane (ítalskt góðgæti) skapar rétta andrúmsloftið með hugljúfri jólatónlist frá báðum löndum. Helgarnar 30. nóv. – 1. des., 7. – 8. des. og 14. – 15. des.

Icelandair hótel í Keflavík er notalegt, nútímalegt og fallegt hótel. Hótelið hefur nýlega verið endurgert að miklu leyti og stendur í hjarta Reykjanesbæjar með menningu, þjónustu og fjölbreytta afþreyingu innan seilingar.

Sérstaða hótelsins er nálægðin við alþjóðaflugvöllinn í Keflavík og býður hótelið upp á margs konar þjónustu við ferðalanga, hvort sem þeir eru að koma eða fara. Hótelstýran Bergþóra orðar það gjarnan þannig að „hérna sé heimili ferðalangsins að heiman. Sífellt fleiri spara sér fyrirhöfn og óhagræði með því að gista hjá okkur nóttina fyrir brottför."

Suðurnesin eru spennandi áfangastaður út af fyrir sig. Jarðhitinn og sjórinn hafa skapað magnað umhverfi sem skemmtilegast er að kynnast á tveimur jafnfljótum. Hér má njóta óhaminna náttúruafla.

Tilboð

Helgarferð á Reykjanesskagann

27.900 kr. fyrir tvo eða 13.950 kr. á mann.

Innifalið: Gisting fyrir tvo eina nótt, fordrykkur, þriggja rétta kvöldverður og morgunverður. Aukanótt á helmingsafslætti.

Gildir fimmtudaga til sunnudaga til 31. mars 2013.

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

VOCAL
Á Icelandair hótel í Keflavík er glæsilegur veitingastaður til húsa, Vocal. Vocal er veitingastaður í úrvalsflokki, eins og endurspeglast í matseðlinum, þjónustunni og umhverfinu. Hér starfa meistarakokkar sem leggja ríka áherslu á að matreiða ferskt fyrsta flokks hráefni á fjölbreytta vegu enda geta allir fundið lostæti við sitt hæfi á matseðlinum.

Á kaffihúsi hótelsins er boðið upp á drykki og létta rétti allan daginn.

Í Keflavík

- Frá hótelinu er 15 mínútna akstur í Bláa Lónið
- Kvennahádegi á miðvikudögum – lífrænn matur, örfyrirlestrar og gleði.
- Innritun frá kl. 8 fyrir þá sem koma með morgunflugi.
- Ekki gleyma að heimsækja Víkingaheima, Skessuhelli og Bátasafnið.
- Hótelið starfrækir sitt eigið listagallerí.

LENGDU FRÍIÐ

Gistu hjá okkur nóttina fyrir flug og byrjaðu ferðalagið vel úthvíld/ur. Við berum fram morgunverð fyrir þá sem eiga flug snemma morguns og bjóðum upp á frían akstur á Keflavíkurflugvöll milli kl. 5 og 8 og aftur kl. 12. Einnig geymum við bíla fyrir gesti í upphitaðri bílageymslu meðan á ferðalaginu stendur – endurgjaldslaust. Engin ástæða til að þeysast af stað fyrir allar aldir. Leyfðu þér frekar að lengja fríið.

Icelandair hótel í Keflavík Hafnargata 57, 230 Reykjanesbær Sími 421 5222 keflavik@icehotels.is www.icelandairhotels.is

Nægtarhorn Suðurlands

Náttúruperlur og ferskmeti í fallegu umhverfi

FLÚÐIR
Icelandair Hotels

Árshátíðin, brúðkaupsveislan, hópeflið

Nýr og glæsilegur funda– og ráðstefnusalur Flúða rúmar allt að 80 manns. Þar að auki getum við tekið á móti um 320 gestum á hótelinu sjálfu og í fallegu umhverfinu fyrir utan. Salurinn er útbúinn nýjum og fullkomnum tækjum sem stillt er upp eftir óskum og þörfum hverju sinni og hentar frábærlega fyrir öll tilefni frá brúðkaupum til hugarflugsfunda.

Á Icelandair hótel Flúðum er glæsileg gistiaðstaða og framúrskarandi veitingastaður í aðeins klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuð-borginni. Hér er fegurð íslenskrar náttúru í algleymingi, bæði náttúru-fegurð Flúðasveitarinnar sjálfrar og svo eru perlurnar Gullfoss, Geysir og Þingvellir í næsta nágrenni.

Flúðir eru mekka íslenskrar grænmetisræktunar, enda bera matreiðslumeistarar hótelsins fram ferskt grænmeti úr matarkistu héraðsins á hverjum degi. Veitingastaðurinn á Icelandair hótel Flúðum er rómaður og þaðan er stórbrotið útsýni yfir fallega sveitina. Gestir hafa nóg við að vera við að skoða gróðurhúsin, renna fyrir lax, skella sér í útreiðartúr eða flúðasiglingu niður Hvítá fyrir þá ævintýragjörnu.

Flúðir státa af glæsilegum hótelgarði þar sem stemmningin er jafn notaleg allt árið um kring. Þar eru heitir pottar, bar og grill og gestir geta látið fara vel um sig undir teppum og skinnábreiðum ornað sér við kamínur og notið kyrrðarinnar undir dansandi norðurljósum.



Ógleymanleg árshátíð

Árshátíðarpakkar fyrir fyrirtæki sem vilja lífga upp á andann með gleði, gistingu og góðum mat í sveitinni.

Við sníðum veisluna að ykkar þörfum.
Leitið tilboða fyrir ykkar hóp.

Tilboð

Upplýsingar í síma 486 6630 eða á fludir@icehotels.is

Á Flúðum

- Magga hótelstýra býður heppnum gestum í gönguferðir með traustri leiðsögn.
- Icelandair hótel Flúðir eru aðeins 100 km frá Reykjavík.
- Á Flúðum er eina sveppaverksmiðja landsins.
- Fundir á Flúðum eru oft óvenjulega árangursríkir.
- Einstakar aðstæður fyrir rómantískt dekur undir skini norðurljósanna.

HÁTÍÐARHLAÐBORÐ

Jólahlaðborð á Flúðum 24. nóv., 30. nóv.–1. des og 7.–8. des.
Hlaðborðið er blanda af hefðbundnum og nýstárlegum réttum.
Við leggjum upp úr því að nota hráefni úr sveitinni.
Ómótstæðilega jólarauðkálið og aðrar heimalagaðar kræsingar.
Lifandi tónlist fullkomnar jólaandann.
Láttu okkur gera tilboð í gistingu og hlaðborð fyrir þig eða hópinn.

Icelandair hótel Flúðir Vesturbrún 1, 845 Flúðir Sími: 486 6630 fludir@icehotels.is www.icelandairhotels.is

KLAUSTUR
Icelandair Hotels

Kyrrðarríki milli jökla

Innblástur og upplifun af mikilfengleika landsins

Fundarfriður

Á Klaustri ríkir einstök kyrrð. Það er hvergi betra að halda vinnufundi, námskeið, málstofur eða hvata-ferðir, því andinn sem skapast þegar hópurinn er laus við allar utanaðkomandi truflanir er bæði ánægjulegur og árangursríkur.
Á kvöldin slá staðarhaldarar upp skemmtunum fyrir hópinn og ef vilji stendur til eru jafnvel haldnir dansleikir.

Icelandair hótel Klaustur er notalegt sveitahótel í stórkostlegu umhverfi. Klaustur er rómað fyrir milt og gott veður og þaðan er magnað útsýni upp á Vatnajökul og Síðufjöll.

Á Klaustri leggjum við mikið upp úr því að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu og að framreiða fyrsta flokks veitingar. Falleg og stílhrein skandinavísk hönnun einkennir hótelið. Á góðviðrisdögum geta gestir tyllt sér út á sólpall. Aðstaða fyrir fundi og veislur er glæsileg og við getum tekið á móti allt að 120 manna hópum.

Frá Icelandair hótel Klaustri er stutt í margar fegurstu náttúruperlur landsins, meðal annars Vatnajökul, Skaftafell og Jökulsárlón. Ótal fallegar gönguleiðir eru í nánasta umhverfi og hægt að bregða sér í skemmtilega dagsferð austur að Þórbergssetrinu í Hala í Suðursveit. Fjórhjóla– og jeppaferðir í Meðallandsfjöru eru mikil upplifun en þar er mesta víðátta landsins á undirlendi. Skipbrot hafa orðið gegnum aldirnar á þessu svæði og talið er að gullskip sé grafið í svörtum sandinum en enginn veit hvar.

Hin víðfræga klausturbleikja er á matseðlinum en hún er af mörgum talin besta bleikja sem völ er á, enda alin upp í vatni sem kemur beint undan Skaftáreldahrauninu. Við berum Klausturbleikjuna fram á fjölbreytta vegu, ýmist ferska eða reykta.

Tilboð

Helgartilboð á Klaustri

Glæsilegt helgartilboð á Icelandair hótel Klaustri fyrir þá sem vilja ögra skammdeginu og njóta nálægðar við íslenska náttúru.

27.700 kr. eða 13.850 kr. á mann

Innifalið: Gisting eina nótt fyrir tvo, fordrykkur, þriggja rétta kvöldverður og morgunverður. Aukanótt með 50% afslætti.

Gildir fimmtudaga til sunnudaga til 21. desember 2012.

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

Á Klaustri

- Hæsta tré á Íslandi er sitkagrenitré í skógarreit á Kirkjubæjarklaustri.
- Erró ólst upp á svæðinu og prýðir verk eftir hann hótelið.
- Sjálfur Kjarval ólst hér upp og málaði mörg sín frægustu verk hér.
- Fyrirmyndir Kjarvals sjást beint út um glugga hótelsins.
- Sundlaug Kirkjubæjarklausturs og íþróttasalur í tveggja mínútna göngufæri.
- Kauptu gönguleiðabækling hjá okkur og haltu í ævintýraferð.

JÓL & VILLIBRÁÐ

Jólamatseðill 23. nóv. – 10. des. Hefðbundnar íslenskar jólakræsingar með dönsku ívafi.
Villibráðarhlaðborðið víðfræga 10. og 17. nóv.
Hlaðborð og gisting Hafðu samband í síma 487 4900 eða á klaustur@icehotels.is.
Við gerum einstaklingum og hópum freistandi tilboð.

Icelandair hótel Klaustur Klausturvegur 6. 880 Kirkjubæjarklaustur Sími: 487 4900 klaustur@icehotels.is www.icelandairhotels.is

Undir hreindýrsfeldi

Matarkista í blómlegu héraði

HÉRAÐ
Icelandair Hotels

Hráefni úr heimahaga

Maturinn sem þú snæðir á Icelandair hótel Héraði hefur ekki ferðast langt. Laxinn og kræklingurinn koma úr Mjóafirði og annar fiskur úr Borgarfirði Eystri. Við fáum lífrænt grænmeti frá Móður Jörð, landnámsegg frá Miðhúsum og sveppi og ber úr Hallormstaðaskógi. Mjólkurafurðirnar eru ekki bara beint af býli heldur eru kýrnar nágrannar okkar líka. Kóróna matseðilsins er svo auðvitað sjálft austfirska hreindýrið.

Icelandair hótel Hérað á Egilsstöðum er spennandi staður að sækja heim allt árið um kring. Icelandair hótel Hérað er glæsilegt hótel með einstökum veitingastað og frábærri ráðstefnuaðstöðu.

Icelandair hótel Hérað er í miðbæ Egilsstaða og stutt að sækja alla þjónustu en sveitakyrrðin er ekki nema steinsnar í burtu. Möguleikar til útivistar eru óteljandi, hvort sem fuglaskoðun, veiði eða fjallgöngur heilla mest. Mikill metnaður er lagður í að framreiða ferskt hráefni úr næsta nágrenni, sér í lagi hreindýrasteik, villibráð og gæs. Andrúmsloftið á hótelinu er sérstaklega viðkunnalegt og hópurinn í kringum hótelið er eins og lítil samrýmd fjölskylda.

Við leggjum allt okkar kapp í að gera fundi og ráðstefnur sem best úr garði. Fundaraðstaðan er nýlega endurnýjuð og allur búnaður fullkominn. Við tökum á móti allt að 120 manna viðburðum og berum fram heimagerðar kræsingar fyrir fundargesti.

Helgi í Héraði

Glæsilegt helgartilboð fyrir þá sem vilja brjóta upp hversdaginn, njóta náttúrunnar og alls þess sem höfuðstaður Austurlands hefur upp á að bjóða.

14.300 kr. eða aðeins 7.150 kr. á mann

Innifalið: Gisting eina nótt fyrir tvo með morgunverði.
Aukanótt á aðeins 7.850 kr.

Gildir fimmtudaga til sunnudaga til 1. apríl 2013.

Tilboð

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000



Á Héraði

- Á Icelandair hótel Héraði geturðu horft á spakar kýr rölta um úti fyrir.
- Spurðu okkur um Bar–Lóminn og Súluna.
- Farið varlega þegar þið röltið yfir Fljótið ef ormurinn skyldi láta á sér kræla.
- Fátt er fallegra en að horfa á sólarlagið af svölunum á barnum okkar.
- Hérað er í næsta nágrenni við flugvöllinn á Egilsstöðum.
- Vinsælasti rétturinn á matseðlinum hjá ungum og öldnum er grillaður hreindýraborgari.
- Í Fellsskógi eru fallegar gönguleiðir og leiksvæði sem gleðja alla fjölskylduna.

HÁTÍÐARHLAÐBORÐ

Jólahlaðborð fyrir hópa Sveigjanlegar dagsetningar. Við gerum hópnum tilboð.
Villibráðarhlaðborð um jól helgarnar 23. – 24. nóv., 30. nóv. – 1. des. og 7. – 8. og 14. – 15. des.
Skötuhlaðborð í hádeginu á Þorláksmessu. Úrvals saltfiskur og fleira fiskmeti í bland.
Brunch alla sunnudaga í vetur. Klassískar kræsingar fyrir sálina.
Dagar myrkurs 1. – 11. nóv. Menningarveisla með draugalegu ívafi um allt Austurland.

Icelandair hótel Hérað Miðvangur 5–7, 700 Egilsstaðir Sími: 471 1500 herad@icehotels.is www.icelandairhotels.is

AKUREYRI
Icelandair Hotels

Vetrarfrí í höfuðstaðnum

Ornaðu þér við arineld þar sem hjarta Norðurlands slær

VetraræVintýrið

Í Hlíðarfjalli eru frábærar aðstæður fyrir skíða- og snjóbrettaiðkun. Icelandair hótel Akureyri býður skíðafólk sérstaklega velkomið og býður upp á aðgang að upphitaðri skíðageymslu með læstum skápum og sérinngangi. Skíðarútan stoppar fyrir utan hótelið og gestir fá 10% afslátt af skíðapössum.

Icelandair hótel Akureyri er glæsilegt nýtt hótel sem opnaði sumarið 2011. Hundrað glæsileg herbergi eru fallega innréttuð í nútímalegum stíl. Hótelið setur íslenska hönnun í öndvegi og herbergin eru hvert öðru bjartari og sólríkari.

Á hótelinu er fyrsta flokks veitingastaður og bar. Verönd vísar út í yndislegan hótelgarð, þar sem stemmningin er ekki síður frábær á veturna en sumrin, því þá geta gestir setið í kringum arin og haft það notalegt undir skinnábreiðum. Aðstaðan fyrir mannfögnuði og veislur er mjög góð og skemmtileg, enda nýtast bæði salurinn og veröndin vel. Salurinn rúmar allt að 100 manna hópa og við höldum einnig stærri viðburði í samstarfi við aðra.

Útsýnið af hótelinu er stórfenglegt. Gestir sjá bæði til Hlíðarfjalls og Súlna og út yfir fjörðinn. Nálægar náttúruperlur og ein helsta skíðaparadís landsins laða gesti að, en ekki síður menningarlífið í höfuðstað Norðurlands, söfn og sögufræg hús, afþreying, verslanir og þjónusta. Akureyri er frábær áfangastaður.



Viltu skjótast norður?

Glæsilegt helgartilboð fyrir pör eða vinahópa sem vilja lyfta sér upp eina helgi.

Verð aðeins 24.900 kr. eða 12.450 kr. á mann.

Innifalið: Gisting, þriggja rétta kvöldverður og morgunverður fyrir tvo.
Aukanótt á aðeins 7.150 kr. á mann.

Gildir fimmtudaga til sunnudaga til 21. desember 2012.

Tilboð

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

Á Akureyri

- Hótelið er í sögulegu nýendurbættu húsi sem áður hýsti Háskólann á Akureyri.
- Gestamóttakan gengur undir nafninu „Stofa 14".
- Veitingahúsið er staðsett í kjallaranum sem hefur tekið algjörum stakkaskiptum.
- Gamlar myndir frá Akureyri prýða hótelið.
- Takið eftir verkinu „Í dagslok" eftir norðlensku listakonuna Aðalheiði Eysteinsdóttur.
- 12 herbergi með hjólastólaaðgengi.
- Steinsnar frá hinni glæsilegu Sundlaug Akureyrar.

Á DÖFINNI

Dömulegir dekurdagar 13. – 14. okt. Hagstæðir gistipakkar í samvinnu við Flugfélag Íslands.
Þakkargjörðarhlaðborð 22. – 24. nóv. Amerískur kalkúnn með íslenskum áhrifum.
Jólahlaðborð allar helgar frá 30. nóv. til jóla. Hefðbundið hlaðborð með óvæntri vendingu.
High Tea alla daga frá kl. 14 til 18 í setustofunni, rétt eins og í breska heimsveldinu.
Happy Hour alla daga frá kl. 17 til 19 í stofu 14. Tveir fyrir einn af víni, bjór og kokkteil dagsins.
Brunch allar helgar í allan vetur. Góðgæti allt frá eggjum og beikoni til reykta andasalatsins.

Icelandair hótel Akureyri Þingvallastræti 23, 600 Akureyri Sími: 518 1000 akureyri@icehotels.is www.icelandairhotels.is

Fullkominn hringur

Glæsilegt golfhótel í kyrrlátu umhverfi

HAMAR
Icelandair Hotels

Kallaðu saman fund

Það er sannkallaður fundarfriður í Borgarfirðinum og einungis klukkustundar akstur frá höfuðborginni. Hamar hefur á að skipa tveimur fundarsölum: Stóri Hamar tekur 45 fundargesti og Litli Hamar tíu. Þá bjóðum við upp á veisluaðstöðu fyrir allt að 100 manns. Tæknileg aðstaða er öll hin fullkomnasta og framúrskarandi þjónusta, þægilegt umhverfi og glæsilegt útsýni gera Hamar að frábærum kosti fyrir fundarhöld. Eftir langan vinnudag er svo ómetanlegt að geta slakað á á golfvellinum eða í heita pottinum.

Icelandair hótel Hamar er nýlegt og glæsilegt hótel á Vesturlandi. Hótelið er á rólegum stað við golfvöllinn að Hamri í þjóðleið rétt utan við Borgarnes. Hér ríkja friðsæld og kyrrð sem gera Icelandair hótel Hamar að fullkomnum stað til að slaka á og endurnærast, með öll þægindi innan handar.

Útsýnið yfir Borgarfjörðinn er stórbrotið og veitingastaður hótelsins hefur getið sér gott orð fyrir að framreiða frábæran mat úr hráefni úr héraði, faglega þjónustu og dýrðlegt umhverfi. Hamarsvöllur er gjarnan talinn einn besti völlur utan Reykjavíkur enda tökum við sérstaklega vel á móti golfurum og bjóðum tilboðspakka á golfi og gistingu. Þeir sem ekki leika golf geta fengið blóðið á hreyfingu með göngu á Hafnarfjall og horft á stjörnurnar úr heitu pottunum í hótelgarðinum.

Herbergin eru öll vel útbúin, með hita í gólfum og hvert og eitt með sérinngangi þar sem hægt er að ganga beint út á sólpall eða á golfvöllinn sjálfan.

Tilboð

Golfpakki – jólagjöf golfarans

Gisting, þriggja rétta veislukvöldverður og tveir hringir á Hamarsvelli fyrir tvo.
Verð aðeins 41.800 kr.

Bókaðu núna á www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

Að Hamri

- Icelandair hótel Hamar er staðsett á golfvellinum að Hamri
- Á Hamri eru herbergi innréttuð sérstaklega með þarfir fatlaðra í huga.
- Við gerum tilboð í gistingu og viðburði fyrir hópa.
- Borgarnes er aðeins í fimm mínútna fjarlægð frá Hamri.

JÓLASTEMMNING

Jólahlaðborð helgarnar 17. – 18. og 23. – 24. nóv., 30. nóv. – 1. des. og 7. – 8. des.
Ljúfmeti í sígildum anda, hátíðarstemmning í sveitinni og lifandi tónlist.

Icelandair hótel Hamar Hamar, 310 Borgarnes Sími: 433 6600 hamar@icehotels.is www.icelandairhotels.is

Jólahátíð á Hilton

Jólin byrja á Hilton Reykjavík Nordica og VOX þann 19. nóvember

Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton öll föstudags- og laugardagskvöld frá 23. nóvember til 15. desember. Listamennirnir **Hreimur, Magni, Erna Hrönn** og **Pálmi** sjá um að töfra fram ósvikna jólastemmningu með ljúfum tónum.

Samhliða þessu bjóða meistarakokkarnir upp á stórglæsilegan jólamatseðil á VOX og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.

Frá 19. nóvember verða hádegishlaðborðið og hinn sívinsæli helgarbrunch með sérstökum jólasvip.

Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is
Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

VOX RESTAURANT

Hilton REYKJAVIK NORDICA

BÍLAR & FARATÆKI

SKODA Octavia ambiente 1,9 tdi. Árgerð 2006, ekinn 121 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.200080.

MAZDA Mpv es. Árgerð 2005, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.251643.

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

STÓRA BÍLASALAN

Skoda Fabia 1.2 Árgerð 11/2010, ekinn 44þ.km, bsk. Góður eyðslugrannur bíll sem er á staðnum! Verð 1.690.000kr. Raðnúmer 100391. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

SUZUKI

Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

SUBARU Legacy sport DIESEL. Árgerð 2009, ekinn 92 Þ.KM, beinskiptur, 5 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.110728.

TOYOTA Land cruiser 120 GX. Árgerð 2006, ekinn 111 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.170002.



BMW X5 3.0si e70. Árgerð 2008, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.160266.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

---

bilauppbod.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

---

bíll.is
bestir í bílum...

Vinnubíll
MMC L200 4wd. Árgerð 1997 dísel, 5 gírar. Ný skoðaður með góðum palli Verð 470.000. visalán í boði Rnr.135222.

Skutbíll
VOLVO V40 1,6 16 ventla station. Árgerð 1998 skoðaður 2013 í fínu standi Verð 470.000. Visaláni í boði Rnr.135155.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

TOPPBÍLAR

MMC Montero ltd. Árgerð 2004, ekinn 91 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000.TILBOÐ 1.690.000.- Ný dekk! Rnr.332918.

TOYOTA Avensis s/d exe. Árgerð 2004, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000.TILBOÐ 1.490.000.- Rnr.285463.

ISUZU Crew cab d-max. Árgerð 2004, ekinn 198 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Tilboð 1.049.000.- Rnr.370457.

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

---

100 bílar.is bílasala

TOYOTA Avensis Wagon SOL dísel. Árg 8/2005, ek 160 Þ.KM, dísel, 5 gírar, Flottur bíll, Ásett verð 1.990.000. Rnr.122517. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Verð 390.000 !
Gott eintak af Skoda Octavia 1,6 árg.'01 Ek.189 þ.km SK. ,13 Aðeins bein sala s. 6154349.

Ódýrir góðir sk ,13!!
Opel Vectra ST ,99. ssk, ný tímar. Pakkdósir, bremsur, pústi, V. 220þ. Peugot 406 ,98, 5g, mikið yfirfarinn. V. 140þ. Grand Cheeroke ,95, góður. V. 190þ. S. 844-6609.

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
VélRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álfhella 4

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is

250-499 þús.

!!! TILBOÐ 450ÞÚS !!!
Bmw M Compact 3dyra ekinn aðeins 135þ. 5g allur ný yfirfarinn fyrir 250þ! nýleg heilsársdekk verð 690þ. TILBOÐ 450þ. 777-3077.

!!! EYÐIR 5L Á HUNDRAÐI !!!
Nissan Micra 98" beinskiptur ekinn 148þ 5dyra skoðaður13".. sumardekk á felgum og nagladekk á felgum. eyðir 5l á hundraði verð 350þ TILBOÐ 250þ uppls 777-3077

Mjög eyðslugrannur !!!
Hyundai Accent árg. ,00 ekinn 170þús., 3 dyra, beinskiptur, skoðaður 2013, búið að skipta um tímareim, mjög heill og góður bíll sem að eyðir nánast ekki neinu ! ásettt verð 420þús - Tilboðsverð 270þús stgr., uppl. í s:659-9696.

Sjálfskiptur
Tilboð 290 þús!
VW PASSAT 1,8 20v COMFORT LINE árg.'97 ek.170 þús, sjálfskiptur, skoðaður 2013, vel með farinn bíll, ásett verð 390 þús. mitt verð 290 þús s. 841 8955.

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Reiðhjól

RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL – BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

Hjólbarðar

VAKA

Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Bílapartasalan Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Varahlutavaktin
Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

NULL
Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera ,98, Elantra ,98, Almera ,98 Legacy ,98, carisma'98. Lanser station ,97 S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 / 699 6069.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Flutningsþrif,Gólfbónun,Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningarþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Þjónusta

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
HALLDÓR BALDURSSON
visir - oft á dag

Viltu ná árangri í þinni íþrótt ?
Dáleiðsla.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

Húsaviðhald

Parketslípun, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Spádómar

908 1888
Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23 næstu viku).

250 kr. mín.

908 1888
Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23 næstu viku).

250 kr. mín.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

NÝTT-NÝTT
CAPRI COLLECTION áður GREEN-HOUSE.
Fallegur haust og vetrarfatnaður fyrir konur á öllum aldri er komin. Góð tilboð af eldri vörum og fallegur bæklingur. Verið velkomin. Opið þriðjudag og miðvikudag 13-17 og laugadaga frá 11-14. Capri Collection Þverholt 18 105 Reykjavík Sími 777-2281

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Móttökuborð
Til sölu móttökuborð úr eik. Verðhugmynd 50.000. Upplýsingar í síma 820-1120

Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

Ódýr heimilstæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur, CD diska og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

Verslun

Beauty in Black
Holtsbúð 61 Garðabæ.
Opið 13-18 þrið-föstud. Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

Atvinna

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar óskar eftir starfskrafti í fullt starf í sérhópadeild fyrirtækisins. Við leitum að jákvæðum og öflugum aðila til að sjá um skipulagningu og úrvinnslu ferða fyrir erlenda ferðamenn, með áherslu á frönskumælandi markað.

Hæfniskröfur:
- Mjög góð frönsku-, ensku- og íslenskukunnátta
- Reynsla og/eða menntun í ferðaþjónustu æskileg
- Góð þekking á landafræði Íslands
- Góð tölvukunnátta

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og fyrirspurnir:
Sonja Magnúsdóttir: sonja@gjtravel.is

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013 - 2024

Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 auglýsir Skipulagsstofnun hér með tillögu að landsskipulagsstefnu 2013 – 2024 ásamt umhverfisskýrslu. Gögnin er hægt að nálgast á www.landsskipulag.is.

Tillagan verður lögð fyrir Alþingi til þingsályktunar en hún varðar:
a) Skipulagsmál á miðhálendi Íslands
b) Búsetumynstur og dreifingu byggðar
c) Skipulag á haf- og strandsvæðum

Fylgiskjöl tillögunnar sem einnig er hægt að nálgast á www.landsskipulag.is eru:
1. Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun
2. Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála
3. Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags
4. Skýrsla um ferðamennsku á miðhálendi Íslands

Tillagan ásamt fylgiskjölum liggur einnig frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166 og í Þjóðarbókhlöðunni. Allir sem þess óska geta gert athugasemdir við tillöguna og umhverfismat hennar en þær þurfa að hafa borist Skipulagsstofnun, Laugavegi 166 eigi síðar en 20. nóvember 2012 eða á netfangið landsskipulag@skipulagsstofnun.is. Stefnt er að því að halda kynningarfundi í landshlutunum í október og verða þeir auglýstir síðar. Nánari upplýsingar veitir Einar Jónsson hjá Skipulagsstofnun (einar@skipulagsstofnun.is)
Skipulagsstofnun

Atvinna

Þörungaverksmiðjan hf. óskar eftir að ráða í starf yfirvélstjóra og viðhaldsstjóra á Reykhólum.

Starfið felst aðallega í vélstjórn og viðhaldi um borð í þangflutningaskipinu Gretti BA, auk þess sem viðkomandi sér um viðhald á þangskurðarprömmum félagsins, viðhaldi í verksmiðjunni á Reykhólum og önnur tilfallandi störf hjá fyrirtækinu. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist Þörungaverksmiðjunni hf., 380 Reykhólum, merkt YFIRVÉLSTJÓRI, eða á netfangið einar@thorverk.is, fyrir 26. september. Allar nánari upplýsingar veitIr Einar Sveinn Ólafsson framkvæmdastjóri í síma 897 0303.

Um Þörungaverksmiðjuna
Þörungaverksmiðjan rekur þurrkverksmiðju á Reykhólum, þar sem þang og þari eru þurrkuð í mjöl í háum gæðaflokki. Bæði framsleiðsla og hráefnisöflun fyrirtækisins hafa lífræna vottun. Meginhluti framleiðslunnar er seldur á erlendum mörkuðum, þar sem hún er m.a. nýtt í framleiðslu í lyfja- og snyrtivöruiðnaði auk framleiðslu á fóðurbæti, áburði og fleiru.

Verksmiðjan gerir út þangflutningaskipið Gretti BA, tvo dráttarbáta og sex slátturpramma til þangskurðar í og við Breiðafjörð.

Þörungaverksmiðjan er í eigu FMC BioPolymer (71%) og Byggðastofnunar (28%). Ársverk eru um 14 auk starfa verktaka við þangslátt. Rekstur Þörungaverksmiðjunnar gengur vel og er fyrirhugað að efla hann enn frekar á komandi árum.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Þjónusta

Betri svefn
Með djúpslökun og kyrrð hugans. Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi S: 694 5494 vidar@theta.is

HÚSNÆÐI

Atvinnuhúsnæði

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

Vant þjónustufólk

Við leitum að rösku, vönu fólki til að vinna um helgar við þjónustu í glæsilegu veitinga- og ráðstefnuhúsi í Grafarholti frá kl. 18.30 til kl. 24 eða 2.30. Hentar duglegu skólafólki meðfram námi, ekki þó yngri en 20 ára.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Nanna í síma 899 5678. Íslenskukunnátta skilyrði.

Óska eftir smiðum
Smiður óskast í vinnu, næg vinna framundan, fjölbreytt vinna í boði fyrir góðan mannskap.
Uppl. s. 696 6085 & 844 5170

Gullhamrar

Fiskurnia
Poszukujemy pracownikow (kobiet) do krojenia i pakowania ryby w Hafnarfjörður, takze do jej filetowania. Dobrze wspolpracujacych i pracowitych ludzi. Wiecej informacji pod numerem: 865-6487 w jezyku islandzkim lub angielskim oraz w miejscu pracy pod adresem : Stormur Seafood, Lonsbraut 1, Hafnarfirði

Sölustarf
Tölvufyrirtæki óskar eftir sjálfstæðu sölufólki. Gott verkefni. Áhugi á internetinu kostur. Nánari uppl. í s. 5537400 milli kl. 10 og 17.

Hreingerningar og bón
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða starfsmann í bón- og hreingerningadeild. Hreint sakavottorð og góð íslenskukunnátta nauðsynleg. Nánari uppl. fást í s. 821-5050 á skrifstofutíma.

Beitingamenn vantar á 50 tonna bát sem rær frá Vestfjörðum. Uppl. í síma. 861 9344.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

Vantar þig forritara með mikla reynslu?
Höfum á skrá forritara með Diplómapróf í kerfisfræði - BSc í tölvunarfræði - BSc í hugbúnaðarverkfræði -BSc í tölvunarstærðfræði. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan s .661-7000

Smiður óskar erftir starfi, er með vinnuvélaréttindi. Sími 899 2903 Davið Örn.

Tilkynningar

EFLING STÉTTARFÉLAG

Fulltrúakjör til 40. þings Alþýðusambands Íslands

Allsherjaratkvæðagreiðsla verður viðhöfð við kjör fulltrúa á 40. þing Alþýðusambands Íslands sem haldið verður í Reykjavík dagana 17.-19. október 2012.

Tillögur vegna þingsins með nöfnum 48 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna skulu hafa borist skrifstofu Eflingar-stéttarfélags fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 2. október 2012.

Kjörstjórn
Eflingar-stéttarfélags

Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hverafold 120 - Einbýlishús með aukaíbúð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00

Reisulegt 275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð, innbyggðum bílskúr og stórum velheppnuðum suður garði. Húsið er vel viðhaldið og bíður upp á mikla möguleika. Stofur með mikilli lofthæð og útgengi á suðursvalir, eldhús með sérhannaðri innréttingu og fjögur herbergI auk séríbúðar á neðri hæð. Rólegt og barnvænt hverfi. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. **Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Skipti á ódýrari eign koma til greina. Verð 68,0 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

Fasteignir

BORGIR FASTEIGNASALA

Holtsbúð 4 - Garðabæ

Opið hús miðvikudag kl 17.00 til 18.30
Einbýlishús á einni hæð 155 fm auk 69 fm bílskúrs. Mjög skjólsæll suður garður með gróðurhúsi og heitum potti o.fl. Í húsinu eru meðal annars 3 svefnherbergi, stórar stofur með kamínu, sauna inn af baðherbergi. Þetta er vel umgengið hús, mikið endurnýjað og fengið gott viðhald. Bílskúr er 69 fm og með góðri lofthæð. Góð staðsetning ofan við götu. **Verð 49,0 millj.**

Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

HÁTÚN 6 – Penthouse

Opið hús í dag á milli 17.30 og 18:00

Stórglæsileg fullbúin penthosue íbúð á 9. hæð. Eignin er algerlega endurnýjuð með nýjum sérsmíðuðum innréttingum, sérhannað rafmagn, stórbrotið útsýni og tvennar stórar svalir. **Verð 45,9 millj. Guðjón sýnir íbúðina í dag, þriðjudag, á milli 17.30 og 18:00. Uppl. í síma 846-1511.**

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Birkiás 9 - Garðabæ

Opið hús í dag á milli kl. 17-18

Glæsilegt fullbúið 141 fm pallabyggt raðhús á þessum eftirsótta stað. Innbyggður bílskúr. Fallegur afgirtur garður með timburverönd. 2-3 herbergi. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Fallegt útsýni. Innfelld lýsing og vandaðar innréttingar.
Verð 47,9 millj.

Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum S- 895 3000.

Vissuð þið... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

RAGNHILDUR PÁLSDÓTTIR
kennari, Logafold 70,

lést föstudaginn 21. september síðastliðinn. Ragnhildur verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 4. október kl. 13.00.

Jómundur Rúnar Ingibjartsson
Sigríður Þórðardóttir
Páll Rúnarsson
Ólöf Rúnarsdóttir
Ingibjörg Rúnarsdóttir
Anna Vigdís Rúnarsdóttir
og barnabörn.

Sævar Birgisson
Svavar Þór Birgisson

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og besti vinur,

ÓLÖF HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR
- FRÍÐA SIGURÐARD.
Hörgshlíð 8,

lést 16. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 28. september kl. 13.00.

Þór Gunnarsson
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Embla Þórsdóttir
Sturla Þórsson
Guðlaug Ýr Þórsdóttir
Askur Wallberg Klausson og Ísabella Ýr Klausdóttir

Sigrún Ása Sturludóttir
Harpa Másdóttir
Klaus Wallberg Andreasson
Magnús Már Guðjónsson

Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,

HANNA MADDÝ GUÐMUNDSDÓTTIR
Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,

sem lést á deild K1 á Landakotsspítala mánudaginn 17. september, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 27. september kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Guðmundur Árnason
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Guðmundur V. Guðmundsson
Berglind Guðmundsdóttir
Ingvar Lýðsson

Elskulegur faðir minn og vinur, afi og langafi,

ÁSGEIR KÁRI GUÐJÓNSSON
ljósmyndari,
Lokastíg 26, Reykjavík,

lést þann 7. september 2012 að hjúkrunarheimilinu Mörk við Suðurlandsbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fær allt starfsfólkið sem annaðist hann síðastliðið ár.

Loftur Ásgeirsson
Ingimar Kári Loftsson
Ásgeir Örn Loftsson og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

SVAVAR BJARNASON
tæknifræðingur,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 20. september sl. Hann verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 28. september kl. 15.00.

Brynja Bærings Halldórsdóttir
Halldór Guðfinnur Svavarsson
Ásta Svavarsdóttir
Árný Anna Svavarsdóttir
Helgi Páll Svavarsson

Tatiana Dimitrova
Þorsteinn Hauksson
Snæbjörn Freyr Valbergsson

Unnar Bæring, Brynja Björg, Ingibjörg Ásta, Thereza Petkova, Samuil Petkov, Svavar Bæring, Haukur Bæring, Ólafur, Árný Bærings, Simeon Bæring, Sóley Bærings, Magnús Bæring og Áshildur Bærings.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ALÞJÓÐLEGI GETNAÐARVARNARDAGURINN: HALDINN 26. SEPTEMBER

Fleiri noti getnaðarvarnir

„Alþjóðlegi getnaðarvarnardaguri-nn snýst um að vekja athygli á getnaðarvörnum einkum meðal ungs fólks," segir Íris Björg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir, FKB. FKB eru samtök einstaklinga og félaga sem hafa það að markmiði að stuðla að heilbrigðu kynlífi og tímabærum barneignum. Getnaðarvarnir leika þar lykilhlutverk en Íris Björg, sem er hjúkrunarfræðingur að mennt og starfar einnig sem skólahjúkrunarfræðingur MR og ráðgjafi um kynlíf hjá Tótal ráðgjöf, segir unglinga og ungt fólk ekki nægilega duglegt að nota getnaðarvarnir.

„Ef við berum okkur saman við Norðurlöndin þá kemur í ljós að íslensk ungmenni nota síður getnaðarvarnir en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Hér eru þunganir ungra kvenna hins vegar algengari og fóstureyðingar sömuleiðis. Kynsjúkdómar á borð við klamydíu eru líka algengari hér en á Norðurlöndum."

Íris Björg segir að til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og útbreiðslu kynsjúkdóma í þessum hópi þyrfti notkun smokka að verða mun meiri en hún er núna. „Ef maður spyr ungmenni hvers vegna þau noti ekki smokk þá er svarið gjarnan að þeir séu svo dýrir. En málið er flóknara en svo. Smokkar hafa því miður óorð á sér, það er það viðhorf í gangi að þeir eyðileggi stemninguna og dragi úr ánægju í kynlífi. Þessu þarf að breyta. Smokkar geta líka verið krydd í kynlífið, enda til bæði smokkar með bragði og sjálflýsandi smokkar svo eitthvað sé nefnt. En verðið er líka mikilvægt og við í FKB höfum barist fyrir því að getnaðarvarnir til ungs fólks verði niðurgreiddar eins og gert er á Norðurlöndum, og þá ekki bara smokkar heldur líka hormónagetnaðarvarnir eins og pillan."

Íris Björg verður vör við það í sínum störfum að ungt fólk skortir fræðslu um getnaðarvarnir og kynlíf. „Við vonumst sannarlega til að alþjóðlegi getnaðarvarnadagurinn veki fólk til umhugsunar."

sigridur@frettabladid.is

ÍRIS BJÖRG JÓNSDÓTTIR Segir íslensk ungmenni ekki nægilega dugleg við að nota smokka.

Kynna ADHD í teiknimyndastíl

Athygli, já takk! er yfirskrift evrópsku ADHD-vitundarvikunnar sem nú stendur yfir. Vikan var sett við hátíðlega athöfn í Tjarnarbíói síðastliðinn föstudag.

Ellen Calmon, framkvæmdastjóri ADHD-samtakanna, kynnti dagskrá vikunnar; útgáfu bæklinga, fræðslupakka handa skólum, málþing um stöðu framhaldsskólanema með ADHD og fleira. Einnig var kynntur bæklingurinn „Hvað er í gangi hjá Jóa? Medikidz, kvillakrakkarnir útskýra ADHD," en í honum er útskýrt fyrir börnum í hasarteiknimyndastíl hvað ADHD er. Þá var endurskinsmerki vikunnar afhjúpað en það er prýtt teikningu eftir Hugleik Dagsson.

Endurskinsmerkin eru seld til stuðnings ADHD-samtökunum til 6. október í verslunum Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins og kosta kr. 1.000.

FYRSTUR Hákon Leifsson sem er með ADHD keypti fyrsta endurskinsmerkið sem selt var í vitundarvikunni. Hann er hér með Hugleiki Dagssyni sem teiknaði myndina á merkinu.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

BERNHARÐ GUÐNASON
frá Berserkseyri,
Grettisgötu 20a,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 20. september. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 28. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Hrönn Bernharðsdóttir
Hjörleifur Guðni Bernharðsson
Ágústa Guðrún Bernharðsdóttir
Bernharð Margeir Bernharðsson
barnabörn.

Gunnar Leví Haraldsson
Hugrún Þorsteinsdóttir
Hákon Arnar Sigurbergsson

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELLA SJÖFN ELLERTSDÓTTIR
(DIDDA)
Sunnubraut 5, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 20. september. Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 28. september kl. 15.00.

Ólafur Björgvinsson
Bergþóra Ólafsdóttir
Ellert Þórarinn Ólafsson
Arnbjörg Ólafsdóttir
Linda Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Arnar Karlsson
Jóna Björg Antonsdóttir
Guðjón Magnús Axelsson
Þröstur Ástþórsson
Þorsteinn Eyjólfsson

Móðir okkar,

MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR
áður til heimilis að Asparfelli 6,

lést laugardaginn 22. september á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Útskálakirkju í Garði fimmtudaginn 27. september kl. 14.00.

Erla Vilborg Adolfsdóttir
Kristín Gréta Guðrún Adolfsdóttir
Ásdís Adolfsdóttir
Guðmundur Guðmundsson

Okkar ástkæra móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

SVANHILDUR SIGURJÓNSDÓTTIR
hjúkrunarfræðingur,

lést á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum 20. september síðastliðinn. Minningarathöfn verður í Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 28. september kl. 16.00. Útför hennar fer fram í Skarðskirkju á Landi laugardaginn 29. september og hefst athöfnin kl. 14.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á starfsemi FAAS.

Kristín Jóhannsdóttir
Vigdís Jóhannsdóttir
Davíð Jóhannsson
Jóhann Þ. Jóhannsson
Ástþór Jóhannsson
Hrafnhildur Jóhannsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Marteinn Jónasson
Inger Kertelhein
Hildur Halldórsdóttir
Katrín Ævarsdóttir
Valgarður Gunnarsson

Við vildum bjóða upp á almennilegt kaffi.

Þess vegna settum við Te & Kaffi í málið.

Gæðakaffið á Stöðinni er unnið úr sérvöldum kaffibaunum, ristuðum af Te & Kaffi.

TE & KAFFI

Latte 329 kr.	Cappuccino 279 kr.	Swiss Mocca með rjóma 429 kr.
Tvöfaldur Latte 379 kr.	Tvöfaldur Cappuccino 408 kr.	Americano 297 kr.
Espresso 229 kr.	Macchiatto 279 kr.	Auka kaffiskot 79 kr.

Tilboð! Allir kaffidrykkir á 229 kr. með kortum og lyklum Orkunnar og staðgreiðslukorti Skeljungs.

Stöðin

www.stodin.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. afkvæmi, **6.** tímaeining, **8.** fjór, **9.** iðn, **11.** þessi, **12.** frárennsli, **14.** fyrirmynd, **16.** skóli, **17.** mál, **18.** hætta, **20.** ætíð, **21.** faðmlag.

LÓÐRÉTT
1. hæfileiki, **3.** frá, **4.** frelsarinn, **5.** augnhár, **7.** rafstraumur, **10.** æxlunarkorn, **13.** stefna, **15.** gerviefni, **16.** blundur, **19.** núna.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lamb, **6.** ár, **8.** fer, **9.** fag, **11.** sá, **12.** afrás, **14.** móttf, **16.** ma, **17.** tal, **18.** ógn, **20.** sí, **21.** knús.

LÓÐRÉTT: 1. gáfa, **3.** af, **4.** messías, **5.** brá, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** átt, **15.** flis, **16.** mók, **19.** nú.

Hárfár

BAKÞANKAR
Erlu Hlynsdóttur

Ég stend á tímamótum. Ég er komin á þann stað í lífinu að dóttir mín er komin með svo sítt hár að það er eiginlega nauðsyn að setja í það teygjur á hverjum morgni. Þar sem ég hef sjálf aldrei verið með sítt hár er ég í smá vandræðum, en hef gert gott úr þessu og set yfirleitt í hana staðlað tagl.

STUNDUM leyfi ég sköpunargleðinni að njóta sín. Ég hef nokkrum sinnum sett í hana tíkó. Þarf bara aðeins að æfa mig í að ná beinni skiptingu og tryggja að það sé jafn mikið hár í hvorum tíkarspena. Um helgina ákváðum við svo að bregða undir okkur betri fætinum og kíkja á tilboð í Smáralindinni. Það dugði því ekkert tagl eða tíkó. Nei, nú skyldi dóttirin skarta tveimur fléttum.

MEÐ vandvirkni að leiðarljósi gerði ég eina fléttu. Með þolinmæði gerði ég hina. Útkoman var… ekki falleg. Þar sem þetta var nú í fyrsta skipti sem ég gerði tvær fléttur í hárið á barninu ákvað ég engu að síður að taka mynd og setja á Facebook. Viðbrögðin voru á eina leið: „Langar ofsalega til að segja að þetta sé mjög flott hjá þér – læt duga að hrósa fyrir viðleitni *hóst*“, sagði ein. „Þetta kemur allt!“ sagði annar. Þriðji setti inn tengil á umfjöllun um hárgreiðslunámskeið fyrir feður.

